

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Já, eins og forseti kom inn á þá liggur hér fyrir erindi frá stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sem á fundi sínum 12. þ.m. samþykkti svohljóðandi erindi frá framkvæmdastjóra fjármála og les ég þá beint, hæstvirtur forseti með þínu leyfi, úr fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur:

Lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. 8.2.2010 þar sem óskað er heimildar til að ganga til samninga við Landsbanka Íslands um 5 milljarða kr. lántöku. Lánið er verðtryggt í 15 ár og með jöfnum afborgunum og breytilegum grunnvöxtum. Og síðan er skýrt til hvers lánið verði notað sem er til þess að greiða upp að fullu 5 milljarða kr. lán frá Landsbanka Íslands sem er á gjalddaga 17. mars 2010 og stjórn og eigendur samþykktu 2008.

Og venju og hefð samkvæmt er svo þessu erindi vísað til allra eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og þar með talið borgarstjórnar. Málinu var svo vísað hingað af fundi borgarráðs. Og meðfylgjandi er einnig bréf frá Önnu Skúladóttur framkvæmdastjóra fjármála þar sem hún gerir grein fyrir málinu og óskar eftir umræddri heimild og skýrir málið.

Að auki var óskað eftir einnig venju samkvæmt umsögn frá fjármálastjóra borgarinnar vegna samþykkis eigenda á áformaðri lántöku Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem fjármálastjóri borgarinnar Birgir Björn Sigurjónsson leggur til að umrædd lántaka verði samþykkt af hálfu eigenda. Hann fer í gegnum það í sinni umsögn og vísar í umrætt bréf og skýrir þessa lántöku og fjallar að auki um rekstrarstöðu Orkuveitu Reykjavíkur og svo framvegis og það eru þættir sem að ég þarf ekki að lesa hér upp eða greina sérstaklega frá, þetta eru atriði sem að þekkt eru. Hann vekur hins vegar athygli á því fjármálastjórinn, að þrátt fyrir að, eins og við höfum rætt hér reyndar fyrr í dag og þekkjum öll, þá hafa ýmis skilyrði í okkar efnahagsumhverfi verið þessu fyrirtæki erfið eins og öllum öðrum og íbúum þessa lands, en vekur engu að síður athygli á því að það sem af er þessu ári, sem að skiptir auðvitað máli, hafa ytri aðstæður verið Orkuveitunni nokkuð hagfelldar og nefni þar í því sambandi að álverð hefur hækkað um rúm 7% frá forsendum fjárhagsáætlunar yfirstandandi árs, auk þess sem gengi bandaríkjadollars hefur

hækkað um rúm 2%. Allt eru þetta stærðir sem að skipta máli. Enda eru tekjur frá stóriðju tengdar álverði og bandaríkjadollar, þannig að þessi þróun hefur jákvæði áhrif á tekjur Orkuveitu Reykjavíkur. Og jafnframt bendir fjármálastjórinn á að gengisvísitalan hefur styrkst um tæp 2 prósentustig og gengi evru lækkað um tæp 5% og talsverður hluti af lánum Orkuveitu Reykjavíkur er í evrum, þannig að þessi breyting er einnig jákvæð fyrir efnahag. Og vextir erlenda lánasafnsins haldast enn lágir og allir þessir þættir hafa áhrif á handbært fé frá rekstri hjá þessu fyrirtæki.

Á fundi borgarráðs var málinu, eins og ég sagði áður, vísað hingað og þar var auðvitað aðeins rætt um og farið inn á það mál sem að við ræðum og höfum nokkuð oft rætt hér á vettvangi borgarstjórnar um stöðu Orkuveitunnar í bráð og lengd. Við ræddum líka stuttlega hér í upphafi fundar um þriggja ára áætlun um hluti sem tengjast áhættumati fyrir þetta fyrirtæki og þá staðreynd að fjármálaskrifstofa borgarinnar er þeirrar skoðunar að þess verði að sjást stað í lausafjárstöðu borgarinnar að við þurfum að verja þetta fyrirtæki sem auðvitað er orðið umtalsvert skuldsett. Og við leggjum til að þessi ósk Orkuveitunnar verði samþykkt hér og þessi greiðsla hefur ekki áhrif á heildarskuldir Orkuveitunnar og svo framvegis. Þetta þekkja menn og ég þarf ekki að fara nákvæmlega yfir það. Og við vitum líka að á árinu 2010 eru áformaðar fjárfestingar Orkuveitunnar upp á ca 18 milljarða kr., þannig að þetta skiptir máli fyrir fyrirtækið að gera þetta með þessum hætti. Þar er um að ræða mannaflsfrekar framkvæmdir sem að ég held að við séum öll sammála um að fara í að svo miklu leyti sem að við ráðum við það.

Reyndar er ég þeirrar skoðunar og aðeins vegna þess að það var rætt hér fyrr í dag þar sem minnihlutinn gagnrýnir það að borgaryfirvöld og þá hugsanlega Orkuveitan líka muni slaka eitthvað á sínum framkvæmdum þegar að nær dregur 2013 eða svo, þá tel ég það vera fullkomlega eðlilegt enda getur hið opinbera ekki haldið þessu úti eins lengi og hugsanlega væri þörf á. Við getum það á meðan að ástandið er svona slæmt, en við hljótum að ætlast til þess að atvinnulífið taki við sér á þeim tíma þegar að þessar þriggja ára áætlanir eru fullkláraðar. En það er ljóst að minnihlutinn hafi kannski ekki alveg sömu trú á íslensku atvinnulífi. En eins og þekkt er þá er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrrar hituveitu frá Hellisheiðarvirkjun og uppbyggingu 5. áfanga hennar og svo framvegis á þessum

tíma og ég ætla ekki að fara meira yfir það í smá atriðum, hæstvirtur forseti. Við hér í meirihlutanum styðjum það að Orkuveitan ráðstafi þessu með þessum hætti og teljum mikilvægt að ganga frá því. Það er mjög margt sem skiptir máli líka fyrir Orkuveituna eins og ég nefndi áðan. Það eru jákvæð teikn á lofti þrátt fyrir að erfitt ár sé á undan gengið 2009 og þetta ár verður auðvitað líka erfitt. Engu að síður hefur Orkuveitan að fullu fjármagn árið 2010 – er að vinna að fjármögnun ársins 2011. Og síðan þekkjum við það auðvitað öll að 2013 verður þungt ár og augljóst að það þarf að breyta ákveðnum hlutum þar sem að tengjast stóru láni og þegar eru þær viðræður komnar í gang. Auk þess sem að sjóðsstreymi Orkuveitunnar er gott og engin ástæða til annars en að hafa fulla trú á því að fyrirtækið komist yfir þessa örðugleika. Og ég legg því til að lokum að borgarstjórn samþykki þessa heimild til Orkuveitu Reykjavíkur.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla hér að ræða aðeins lántöku Orkuveitu Reykjavíkur. En eins og ég hef áður farið hér yfir í borgarstjórn að þá hafa lán Orkuveitunnar rúmlega fjórfaldast á kjörtímabilinu þó miðað sé við fast verðlag úr 5,5 milljörðum í upphafi kjörtímabilsins í um 220 milljarða nú. Og hrininu verður ekki einu og sér kennt um þessa miklu aukningu á lánum enda hefur gengi krónunnar ekki fallið um 400%. Og við í Samfylkingunni við ætlum nú líka að taka það fram hérna strax í upphafi að við vörudum við fyrirhuguðum framkvæmdahraða og fjárfestingahraða strax í upphafi kjörtímabilsins, eins og ég gerði grein fyrir kannski fyrst í bókun um mitt sumar 2006 og ég og fleiri höfum margsinnis farið yfir hér í Borgarstjórn Reykjavíkur.

En ef við víkjum nú að því láni sem hér um ræðir að þá kemur fram í gögnum borgarstjórnar að lánið sem hér er til umfjöllunar og hér er til staðfestingar er verðtryggt með breytilegum vöxtum. Og ég held að það sé rétt að borgarstjóri upplýsi hver þau vaxtakjör eru. Hverjir vextirnir eru, hverjir þessir breytilegu vextir eru í dag, þannig að borgarstjórn viti hvaða kjör er verið að samþykkja. Ég held að það sé líka rétt að þau kjör verði borin saman við þau kjör sem borginni bauðst nýlega í skuldabréfaútboði og borgin hafnaði. Er þetta betri kjör, sambærileg kjör eða verri kjör en borgin hafnaði. Nauðsynlegt er að þessar upplýsingar verði lagðar fram hérna á fundinum ef ætlast er til þess að borgarfulltrúar taki afstöðu til málsins.

Fram kemur í umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar um lánið, með leyfi forseta: „Þetta er liður í að endurfjármagna framkvæmdir sem þegar hafa átt sér stað og voru á óhagstæðum skammtímalánum“. Tilvitnun lýkur. Ég veit ekki betur en að þetta lán leysi af hólmi 5 milljarða skammtímalán frá Landsbankanum sem var tekið til að loka árinu 2008 – í árslok 2008. Og í ljósi þessara ummæla fjármálastjóra um að það lán sé á óhagstæðum skammtímakjörum tel ég rétt að það verði upplýst hver þau kjör eru í dag. Ef ég man þetta rétt að þá var um að ræða óverðtryggt lán með ákveðnu álagi ofaná libor og ég held að það sé rétt að það verði bara upplýst hvert er álagið og hvernig standa libor-vextir ásamt þessu álagi í dag. Og hvernig lítur þá þessi samanburður út á þessu óhagstæðu

skammtímakjörum, svo vitnað sé aftur í umsögn fjármálastjóra, miðað við þau kjör sem nú bjóðast til 15 ára. Og ég held að það sé nauðsynlegt að þessu verði svarað á þessum fundi og ég mun afhenda borgarstjóra spurningarnar skriflega til þess að auðvelda henni það að svara þeim.

Svo haldið sé áfram með umsögn fjármálastjóra þá er lántakan skýrð frekar með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta: „Upphaflega var ætlun Orkuveitunnar að fjármagna endurgreiðslu lánsins með skuldabréfaútboði á síðari hluta ársins 2009, en með útboðinu tókst aðeins að afla helmings þess fjár sem að var stefnt og þess vegna var samið við Landsbankann um þessa endurfjármögnun.“ Tilvitnun lýkur. Það skuldabréfaútboð sem þarna er vísað til var til afgreiðslu þann 18. september 2009 í stjórn Orkuveitunnar. En á þeim fundi óskaði ég bókað, með leyfi forseta: „Fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórn Orkuveitunnar situr hjá við afgreiðslu tillögu um skuldafjárútboð. Fulltrúinn telur aðra möguleika vera til fjármögnunar fyrir fyrirtækið sem ekki fela í sér aukna skuldsetningu, samanber tillögu fulltrúans um sölu á skuldabréfum Magma.“ Tilvitnun lýkur. Tillagan sem ég vísa til í bókuninni um sölu á skuldabréfum Magma var lögð fram á sama fundi og ég ætla að fá að lesa hana hér líka, með leyfi forseta. Þetta er sem sagt frá fundi stjórnar Orkuveitunnar 18. september 2009, forseti: „Til að koma til móts við fjármögnunarþörf Orkuveitunnar er lagt til að undirbúningur verði hafinn á sölu skuldabréfsins sem Magma gefur út fyrir 70% af greiðslu fyrir hlutinn í HS-Orku á opnum markaði en skuldabréfið er sagt jafngilda nafnverði 8,4 milljörðum kr.“ Tillögunni var frestað og hún er ennþá í frestun.

Athygli vekur að á þessum sama stjórnarfundum 18. september að þá bókar Guðlaugur Sverrisson, Kjartan Magnússon og Jórunn Frímansdóttir við mína bókun og í lok bókunarinnar þá segir, með leyfi forseta: „Ekki eru efni til þess að ákveða nokkuð um sölu á einstökum skuldabréfum svo sem vegna Magma fyrr en slík skuldabréf eru formlega orðin eign Orkuveitu Reykjavíkur.“ Tilvitnun lýkur.

Nú eru skuldabréfin formlega orðin eign Orkuveitu Reykjavíkur og ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að selja það. Skuldabréf ganga almennt kaupum og sölum á markaði ef þau eru á annað borð í lagi. Og því spyr ég; er ekki skárri að selja þetta bréf sem hljóðar upp á 8,4 milljarða fremur en að auka enn á skuldir Orkuveitu Reykjavíkur eða þykir Magma-skuldabréfið kannski ekki söluvara. Er

Það málið eða hvað. Af hverju er bréfið ekki selt? Eða eru kjörin á láninu frá Landsbankanum svona ómótstæðileg. Hver eru þau? Eru þau kannski 1% vextir eins og [óskýrt] Magma. Það er allavega ljóst að ekki er um óvirkt kúlulán til 7 ára að ræða því að fram kemur í umsögn fjármálastjóra að lánið sé verðtryggt með jöfnum afborgunum. En hverjir eru vextirnir? Ég tel tilgangslaust að ræða þetta mál frekar fyrr en upplýsingar liggja fyrir hér í borgarstjórn um hver kjörin á láninu eru. Þá getum við farið að velta því fyrir okkur hvaða áhrif þessi fjármögnun mun hafa á gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur og hvaða aðrar mögulegar afleiðingar lántakan mun hafa, því að einhvers staðar mun aukinn fjármagnskostnaður koma fram. Hann hverfur ekki. Og ég leyfi mér að fullyrða að ekki var gert ráð fyrir þessum fjármagnskostnaði í upphaflegum áætlunum Orkuveitunnar fyrir framkvæmdir ársins 2008 sem þetta lán á að dekkja.

Spurningarnar sem ég tel nauðsynlegt að fá svör við eru því hér og ég ítreka þær hér með:

Hver eru vaxtakjör lánsins sem hér er til staðfestingar? Hvernig eru þau kjör í samanburði við þau kjör sem borginni hafa boðist í skuldabréfaútboði og borgin hefur hafnað? Í ljósi fullyrðinga í umsögn fjármálastjóra um lánið um að lánið sem verið er að greiða upp sé á óhagstæðum skammtíma kjörum er spurt: Hver eru þau kjör í dag – libor-vextir og álag? Hvernig lítur samanburðurinn út á þessum óhagstæðu skammtímakjörum miðað við þau kjör sem nú bjóðast til 15 ára? Stendur til að selja Magma-skuldabréfið sem er að nafnvirði 8,4 milljarðar og ef ekki hvers vegna ekki? Og hafa möguleg áhrif lántökunnar og gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur verið skoðuð? Og ef svo hver eru áhrifin?

Og ég ætla til hægðarauka að afhenda borgarstjóra þessar spurningar.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá veitir hæstvirtur borgarstjóri andsvar.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég skil nú ekki alveg hvernig borgarfulltrúinn stillir þessu upp. Það er nú svo sem ekki alveg nýtt að borgarfulltrúinn stilli málefnum Orkuveitunnar upp með einkennilegum hætti. Borgarfulltrúinn er í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Henni er kunnugt um þessi kjör. Það var upplýst um þessi kjör í stjórn Orkuveitunnar. Hins vegar veit Sigrún Elsa Smáradóttir að um þau ríkir trúnaður og hún hefur jú áður í þessum sal brotið trúnað gagnvart fyrirtækinu og ef hún vill gera það þá gerir hún það á eigin ábyrgð. Hún óskar ekki eftir því að ég, sem er bundin sama trúnaði og hún, gangi þá leið að brjóta þann trúnað.

Alveg makalaust hvernig borgarfulltrúinn, hún treystir sér greinilega ekki í það sjálf, ítrekað er hún búin að brjóta trúnað inni í stjórn Orkuveitunnar, gert það opinberlega með fréttatilkynningum, farið fram með upplýsingar sem henni var treyst fyrir inni í stjórn fyrirtækisins. Nei, hún ætlar sér ekki í þá vegferð núna heldur biður hún um að borgarstjóri upplýsi um upplýsingar sem hún veit að eru trúnaðarupplýsingar og henni var treyst fyrir inni í stjórn fyrirtækisins. Og þær upplýsingar voru gefnar inni í stjórn fyrirtækisins í trúnaði, voru gefnar inni í borgarráði einnig í trúnaði. Kjósi borgarfulltrúinn að brjóta þann trúnað sem hún er bundin samkvæmt siðareglum borgarstjórnar, nú þá gerir hún það á eigin ábyrgð. Ég mun ekki taka þátt í því broti á siðareglum sem við undirrituðum hér fyrir hennar hönd.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir og ég ítreka það sem að ég sagði hér fyrir á fundinum að þegar að borgarfulltrúar eru ávarpaðir þá er æskilegt að þeir séu ávarpaðir með nafni.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Sigrún Elsa Smáradóttir: Þakka þér fyrir þetta forseti. Þetta er greinilega mjög viðkvæmt mál og kannski ekki að ástæðulausu að það er viðkvæmt. En ég vil spyrja borgarstjóra; eru einhver fordæmi fyrir því að vaxtakjör sem hér er verið að fjalla um séu leynileg. Ég man til dæmis eftir því þegar við vorum hér að fjalla um lánið frá Evrópska fjárfestingabankanum, að þá vorum við að tala um hvaða kjör væru á því láni og þá var það engum vandræðum háð að tala um það. Það voru að vísu töluvert hagkvæmari kjör og kannski hefur verið meira gaman að tala um þau kjör fyrir meirihlutann.

En þó að ég sitji í stjórn Orkuveitunnar að þá eru ekki hér allir borgarfulltrúar sem sitja í stjórn Orkuveitunnar [frammícall, HBK: og vilt þú brjóta trúnaðinn?] og ég held að það sé bara rétt að þetta verði upplýst og ég held að það sé líka rétt að borgarstjóri útskýri á hvaða forsendum þessi trúnaður er. Vegna þess að það er ekki nóg að gögn séu óþægileg og segja þetta er trúnaðarmál. Það þarf þá að segja af hverju það er trúnaður um þetta en það var t.d. að því er virðist ekki trúnaður um þau vaxtakjör sem voru á því láni sem ég nefndi hérna áðan frá Evrópska fjárfestingabankanum. Og svo náttúrulega frábið ég bara mér þeim málflutningi sem að borgarstjóri var hér með áðan um að ég hefði ítrekað brotið trúnað hér í þessum sal og annars staðar hvað Orkuveituna varðar, og ég ætla þá bara að biðja hana um að fara yfir það úr því að hún er með slíkar ásakanir. Hvenær ég hef gert það og í hvað hún er að vísa. Hve mörg skipti það eru. Ég verð nú að viðurkenna það að ég kannast bara alls ekki við þetta og ég bið hana bara um að skýra sitt mál.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Ég ítreka enn að borgarstjóri sé ávarpaður sem borgarstjóri en ekki hún, hennar eða hana. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að borgarfulltrúinn Sigrún Elsa Smáradóttir og það er þá ekki í fyrsta skipti sem að farið þess á leit við hana, vegna þess að hún þekkir það nákvæmlega og ég held að hún ætti að lesa fréttatilkynninguna sem hún á sínum tíma sendi út um Magma, upplýsingar sem hún gaf blaðamönnum um Magma sem voru trúnaðarupplýsingar. Og það var rætt í borgarráði og kemur borgarfulltrúanum ekkert á óvart og nú lætur hún eins og hún muni ekki eftir því eða viti ekki af því. Hún verður að eiga það við sig. Borgarfulltrúinn virðist bara ekki vera kunnugt, henni virðist ekki vera kunnugt, mér þætti vænt um að borgarfulltrúinn mundi hlusta á, henni virðist ekki vera kunnugt um það og ég hvet hana og ég hef áður gert það til þess að lesa siðareglurnar, sem að borgarfulltrúinn undirritaði hér ásamt okkur öllum, sem gera ráð fyrir því að það sé trúnaður um ákveðin mál.

Borgarfulltrúinn getur svo rætt það inni í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Ég sit ekki í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sendir borgarráði bréf með ákveðnum hætti þar sem óskað er eftir trúnað á þessum upplýsingum og borgarfulltrúinn verður þá að ræða það þar eða stjórnarmaðurinn verður að ræða það þar. Stjórnarmaðurinn á bara afar erfitt með að halda trúnað við málefni þessa fyrirtækis og það er ekkert nýtt. Ég hef ítrekað hlustað á samtöl á milli borgarfulltrúans og til dæmis formanns stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þar sem um þetta er rætt, og nú lætur borgarfulltrúinn eins og hún komi algjörlega af fjöllum hvað það varðar að hún hafi brotið trúnað.

Og nú gerist hún svo bíræfin að hún kemur og leggur fram spurningar og oddviti Samfylkingarinnar situr fyrir aftan hana og hvíslar reglulega í eyrun á henni. Þau leggja fram spurningar þar sem hún óskar eftir því að aðrir upplýsi um hluti sem hún veit að er trúnaður, og hún spyr hvers vegna er það trúnaður. Vegna þess að Orkuveitan þar með talin stjórn Orkuveitunnar telur að það þurfi að vera trúnaður um upplýsingar vegna þess að það séu hagsmunir fyrirtækisins. Það séu hagsmunir fyrirtækisins. Og borgarfulltrúanum stjórnarmanninum Sigrúnu Elsu Smáradóttur í stjórn Orkuveitunnar er fullkunnugt um það. En hún kemur á fundinn og óskar bara „væð sá god“ eftir því og ég segi; ef þú vilt brjóta trúnað

Bstj. 2. mars 2010

borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir þá hefur þú gert það áður og þá verður þú að eiga það við þig. Þú getur ekki krafið Borgarstjórn Reykjavíkur um að brjóta þann trúnað með þér. Þér er kunnugt um þessi kjör.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Sigrún Elsa Smáradóttir: Ágæti forseti, það er nefnilega það. Ég verð nú að segja það að mér finnst þetta vera alveg makalaus málflutningur hjá borgarstjóra og ég ætla nú fyrst að segja það, af því að hún vísar hér til fréttatilkynningar sem að ég sendi út þegar að Magma-samningurinn var gerður, og hún er að býsnast hér yfir að almenningur hafi verið upplýstur um þau vildarkjör sem það fyrirtæki fékk í því máli öllu saman. Að þá var það nú samt sem áður þannig og ég hef upplýst um þetta í borgarráði og þetta veit borgarstjóri, að áður en ég sendi þá fréttatilkynningu út að þá bar ég hana – ég taldi mig nú vera að virða allan mögulegan trúnað, vegna þess að ég bar fréttatilkynninguna og las hana upp fyrir forstjóra Orkuveitunnar áður en ég sendi hana út [frammícall HBK: ég er ekki sammála því], jú, jú, hann hefur aldrei neitað því [frammícall HBK: þú berð ábyrgð á eigin] hann sat [frammícall] undir þessu og var með okkur í borgarráði þegar að ég fór yfir þetta og hann neitaði því alls ekki, enda er þetta rétt. Og ef þú ætlar að ásaka mig um að ljúga þessu borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir [frammícall] að þá ert þú minni manneskja heldur en að ég hef áður talið.

En ég vil spyrja hér um það og ég held að það sé kannski rétt því að ég held að borgarstjóri sé of æstur til þess að kannski endilega að finna út úr því, en bið þá kannski forseta að finna út úr því, hvort að það sé fordæmi fyrir því að hér við svona afgreiðslu í borgarstjórn, að þá sé vaxtaálag að það sé leyfilegt. Og ég bið hann bara um að leggja fram fordæmi fyrir því.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að svara andsvari og ég vil ítreka það sem ég sagði áðan og vona að ég þurfi ekki að ítreka það margoft, margoft að þegar að borgarstjóri er ávarpaður þá skal ávarpa borgarstjóra sem borgarstjóra. Ég vona að þetta skiljist núna loksins. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég notaði aldrei þau orð sem borgarfulltrúinn notar hér, eins og lygi og svo framvegis. Það notaði enginn þau orð önnur en borgarfulltrúinn sjálfur Sigrún Elsa Smáradóttir. Ég sagði hins vegar og það er enginn vafi á því borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir að fyrirtækið og stjórn fyrirtækisins sem þú situr í borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir, þú situr í stjórninni. Það er óskað eftir trúnaði um þessi kjör. Það er óskað eftir trúnaði um þessi kjör, en samt mætir borgarfulltrúinn hingað á fund borgarstjórnar og krefst þess að við brjótum þann trúnað. Vitandi það, annars hefði borgarfulltrúinn sjálfur greint frá vaxtakjörunum, hún veit að hún má það ekki. Borgarfulltrúinn er upplýstur um það að það eru skyldur hennar sem stjórnarmanns að halda trúnaðinn þar sem beðið er að halda trúnað. En samt kemur hún inn á þennan fund og óskar eftir að borgarstjóri brjóti trúnaðinn. Það einfaldlega gengur ekki upp og það er það sem að ég er að benda á.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að taka til máls um fundarsköp.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Guðlaugur Sveinsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er dálítið sérstakt fyrir mig að hlusta á þessar umræður en ég verð að byrja á því að segja að það er gert mikið úr litlu. Við höfum á þeim tíma allavega sem ég hef verið stjórnarformaður Orkuveitunnar, reynt að upplýsa eins og hægt er öll þau mál sem hafa komið inn á borð stjórnar Orkuveitunnar til viðkomandi aðila sem málið varðar og við höfum sett það að varðandi uppbyggingu í borgarkerfinu, þá er það borgarráð sem hefur eftirlit með störfum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og þangað fara allar þær upplýsingar sem þörf er á. Það er í sjálfu sér mjög eðlilegt að oft ríki trúnaður um viðskipti Orkuveitunnar. Ég vil rifja það upp fyrir ágætum borgarfulltrúum að Orkuveitan starfar nú á samkeppnismarkaði í raforkusölu og gæta þarf að ýmsu.

Orkuveita þarf að sækja lán víða og meðal annars á árinu 2009 þegar markaðir lokuðust, þá þurfti Orkuveitan að leita á ný mið og meðal annars þurfti að taka skammtímalán hjá Landsbankanum sem fékkst til þess að viðhalda uppbyggingu á Hellisheiði sem þá var í gangi varðandi verkefnið Hellisheiði 5. Það fékkst árið 2009 þegar bankar voru varla risnir upp úr öskustónni og það fékkst á mjög slæmum kjörum miðað við það ástand sem þá ríkti og við greiddum háa vexti af því, það er engin launung. Það stóð til að taka það til eins árs og það gerðum við, gjalddagi núna í mars. Þegar til kemur þá erum við að loka fjárhagsárinu 2010 og við náum því með því að fá fimm milljarða að láni hjá lífeyrissjóðum hér á Íslandi, ásamt þessu láni frá Landsbankanum og 15 milljarða láni sem við drögum frá Evrópska fjárfestingabankanum og það telst mjög gott í dag að Orkuveitan er búin að loka árinu 2010.

Hér hef ég orðið vitni að mjög sérstökum viðburði þegar menn láta hér eins og stjórn Orkuveitunnar hafi bara gjörsamlega tapað sér og samið einhverja tóma vitleysu í þessu láni. Þetta er lán sem fæst á ágætum kjörum miðað við eins og markaðurinn er í dag. Við höfum reynt eins og hægt er að gæta að því að auka innlent lánsfé vegna þess að við höfum miklar tekjur í íslenskum krónum. Þetta höfum við gert jafnt og þétt. En það sem það þýðir fyrir Orkuveituna er ósköp einfalt. Lánakjör á erlendum lánnum í dag eru þannig að við greiðum rúmlega 1% vexti að meðaltali af þeim lánnum. Á lánnum sem við tókum innanlands erum við að

greiða að meðaltali um 11% vexti. Þetta er ellefu faldur munur og þarf nú ekki mikinn stærðfræðing til að sjá það að það er enn betra, þrátt fyrir krónuhrunið, að taka erlend lán og þess vegna gerum við það.

Nú, við erum að sækja hér um að þetta 5 milljarða lán sem er á greiðslu núna í mars verði dreift til 15 ára vegna þess að aðeins helmingur af því 10 milljarða áætluðu skuldabréfaútbóði sem við ætluðum til lífeyrissjóðanna fékkst. Með því lokuðum við árinu. Á ásættanlegum kjörum get ég hér fullyrt. Hvort það er akkúrat upp á punkt og prik hvað við gefum upp, ég held að það sé engin þörf á því. Þið hafið þessar upplýsingar sem viljið og hafið aðgang að þeim. Það eru fulltrúar allra þessara flokka, nema frjálslyndra, sem eru í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fulltrúi frjálslyndra er áheyrnarfulltrúi hjá borgarráði. Þar hefur þetta allt komið fram. Hér er engin leynd og það er leiðinlegt að þurfa að hlusta á það þegar þessi meirihluti sem nú starfar undir stjórn háttvirts borgarstjóra hefur reynt það eftir öllu megni að bæta upplýsingastreymi frá Orkuveitunni til akkúrat ykkar fulltrúanna vegna forsögunnar, að þá skuli menn fara alltaf í þetta dramatíska hlutverk að hér sé allt upp í loft ef Orkuveitan hreyfir sig. Orkuveitan er í þeirri stöðu og við skulum bara átta okkur á því, þetta er ekkert súperfyrirtæki sem getur bara sett huliðshjálmið utan um sig. Við erum að starfa á Íslandi, hrundu efnahagskerfi með hægfara ríkisstjórn í mjög erfiðu ástandi. Hvar er IceSave? Hvað er að gerast þar? Er búið að semja um það? Er búið að auðvelda Orkuveitunni að ná sér í lánsfé erlendis frá? Orkuveitan dregur samt lánsfé heim.

Við verðum að fara að tala um þetta í einhverri alvöru og gæta að því að fyrirtækið er og mun verða næstu þrjú árin í þröngri stöðu vegna mikilla framkvæmda en væntar tekjur eru líka miklar. Við skulum ekki gleyma því. Og ef við förum aðeins yfir það hvernig stendur á þessari skuldsetningu Orkuveitunnar og Samfylkingin hefur verið mikið að tala um skuldir Orkuveitunnar, en ég verð bara að upplýsa líka Samfylkinguna og fulltrúa hennar í stjórn Orkuveitunnar að það eru eignir líka. Það vill þannig til þegar menn tala um bókhald, þá tala menn um skuldir og eignir. Eignir Orkuveitunnar hafa líka fjórfaldast eða meira á þessum tíma. Sigrún Elsa, fyrirgefðu, en svona er nú staðan, að ég get aðeins farið hér ... [frammícall]. Leyfðu mér að tala. Við skulum aðeins fara hér yfir þetta og bara í rólegheitum. Allt á sína forsögu. Sigrún Elsa talar um að skuldir

Orkuveitunnar hafi fjórfaldast. Jú, þær hafa fjórfaldast og meðal annars út af hruni en líka vegna nýrra fjárfestinga og hvers vegna eru nýjar fjárfestingar? Eigum við aðeins að kíkja á það? Allt á sér sína forsögu.

Ef við byrjum, og við getum byrjað frá árinu 1997 ef við ætlum að vera alveg örugg á því af hverju Orkuveitan skuldar pening, þá er það vegna þess, með leyfi forseta, að 1997 er orkusölusamningur við Landsvirkjun vegna Grundartanga. Árið 1999 er Lína.net stofnuð. Árið 2000 er orkusölusamningur við Landsvirkjun vegna Grundartanga. Árið 2000 er Hitaveita Þorlákshafnar keypt. Árið 2001 hitaveita lögð í Grímsnesi og Grafningi. Árið 2001 samið um byggingu nýrra höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur. Árið 2002 skipar stjórn stýrihóp um fyrirhugaðar framkvæmdir á Hellisheiði. Þetta er 2002. Árið 2003 samþykkt viljayfirlýsing vegna sölu á raforku til Norðuráls frá Hellisheiðarvirkjun. Ég er kominn til 2003. Árið 2003 er samþykkt áætlun um flýti framkvæmdir, m.a. vegna 4. vélar Nesjavalla, Hellisheiðarvirkjunar og ljósleiðaralagna. Árið 2003, Hlíðarveita keypt. Árið 2003, skýrsla um mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar lögð fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Árið 2004, keyptar veitur í Hveragerði. Árið 2004 orkusölusamningur við Norðurál og Grundartanga. Árið 2004 samþykkt að ljósleiðaravæða Seltjarnarnes. Árið 2004 Austurveita og Ölfusveita sameinast OR. Árið 2004 keypt Vatnsveita Álftaness. Árið 2005 samningar, viljayfirlýsing um ljósleiðaravæðingu heimila í Reykjavík og víðar. Vatns- og hitaveita Stykkishólms keypt árið 2005. Árið 2006 Hitaveita Rangæinga keypt. Árið 2005 samningar um yfirtöku Fráveitu Reykjavíkur, Akraness og Borgarbyggðar. Henni fylgja nú hvorki meira né minna en 30 milljarðar í láni í dag. Árið 2005 Vatnsveita Grundarfjarðar keypt. Árið 2005, þátttaka í „íslenska djúpunnar verkefninu“ staðfest. Árið 2006 keyptar vatnsveitur í Borgarfirði. Í maí 2006 rétt fyrir nýjan meirihluta, samþykktur samningur um raforkusölu til Alcan í Straumsvík. Á sama tíma samþykkt viljayfirlýsing um raforkusölu til Norðuráls Helguvík.

Þetta eru allt skuldbindingar R-listans sem Orkuveitan er núna með í dag. Þannig að ég held að allir borgarfulltrúar þurfi aðeins að líta í eigin barm fyrir sig og sína flokka um það hvernig staðan er í dag. Hún kom ekkert af himnum ofan. Við erum búin að byggja hér upp frábært fyrirtæki sem sinnir grunnþjónustu af miklum

sóma og það er eftir því tekið úti um allan heim hvernig Íslendingar hafa leyst sín mál, og sérstaklega Reykvíkingar, varðandi hita og rafmagn, fráveitu og ljósleiðara. Við eigum bara að vera stolt af þessu.

En það koma óveðursský. Ísland lendir í hremmingum 2008. Er það eitthvað leyndarmál? Hvað gerist? Orkuveitan er þá þannig stödd að hún á mikið og gott eigið fé. Sem er akkúrat mjög hentugt á þeim tíma þegar svona hrun verður. Hún á ennþá eigið fé og eigið fé er að styrkjast í dag, um leið og krónan fer að jafna sig fer þetta allt að koma til baka aftur. Menn skulu bara vera alveg rólegir yfir því. Orkuveitan er í góðri stöðu. Búin að sinna öllum þessum framkvæmdum, þetta taldi ég bara upp á tímabili R-listans svo menn átti sig á því. Við höfum líka haldið áfram uppbyggingunni nú á þessu kjörtímabili 2006-2010, sem mönnum hefur verið tíðrætt um. Fjórföldun skulda? Það eru líka eignir á móti, það eru skyldur á móti.

Það skal viðurkennast, fyrirtækið hefur stundum farið í einhverjar framkvæmdir sem menn hafa verið að kvarta undan og það er oft talað um rækjueldi hjá þessu fyrirtæki. Það markar ekki í efnahag þessa fyrirtækis. Það var verið að reyna að koma heitu vatni til sölu. Skiptir ekki öllu máli. Þetta var allt gert að stórmálum. Þannig að ég vil bara að menn séu hér alveg jafnfætis að ræða það að Orkuveitan hefur skyldum að gegna, gerir það vel. Starfsfólkið hefur staðið sig frábærlega við það að taka á sig launalækkunar. Og ég hef gaman af því að kynna það hér inni í þessum sal að með reglubundnum hætti eru gerðar kannanir um starfsánægju starfsmanna Orkuveitunnar, og ég verð að viðurkenna að ég er einna stoltastur af því að eftir að ég var stjórnarformaður af þeirri niðurstöðu, að starfsánægjan hefur aukist verulega milli ára 2008 og 2009. Hvað segir það okkur?

Það verður að hugsa um félagið. Það verður að hugsa um starfsmennina. En við megum ekki falla í þá gryfju, þó að kosningar séu í nánd, að taka út Orkuveituna og reyna að vinna kosningar á kostnað Orkuveitunnar með því að blása upp reyk, vitleysu og dellu í hvert sinn sem þetta fyrirtæki þarf að fá fyrirgreiðslu hjá eigendum sínum. Hér er verið að framkvæma fyrir 20 milljarða á árinu. Við erum að halda uppi atvinnustigi. Við erum að bæta væntar tekjur félagsins til framtíðar. Og við höldum því áfram. Fyrirtækið skuldar um 80 milljarða vegna

raforkuframkvæmda en væntar tekjur á sama niðurgreiðslutímabili eru í kringum 170 milljarðar. Er það slæmur business?

Nei, hann er góður. Við eigum erfið ár framundan 2011-2013. Við erum að vinna í því. Við erum búin að fjármagna 2010, meðal annars með þessari breytingu á lánnum í langtímalán. Við erum að fara í gegnum ákveðna hluti sem öll fyrirtæki á Íslandi hafa farið í gegnum og ég vil bara minna á það að líklegast eru eingöngu fjölskyldufyrirtæki eftir í eigu einstaklinga á Íslandi. Öll hlutafélög eru virkilega komin undir hamarinn eða til bankanna. Þetta er sorgleg staðreynd. En Orkuveitan er ekki súperman sem bara bjargar öllu eða fer í huliðshjál. Við bara lifum í þessu umhverfi og borgarfulltrúar verða að taka fullt tillit til þess þegar þeir halda málflutningi fram að þetta er umhverfið. Það er ekki skapað af borgarfulltrúum hér inni, það er ekki skapað sérstaklega af stjórnendum Orkuveitunnar. Þetta er skapað af ytra umhverfi sem verður vegna gífurlegra fjármagnsflutninga úr bönkum landsins til meintra eigenda.

Eigum við ekki bara að tala í alvöru? Eigum við að gera Orkuveituna alltaf að einhverjum blóraböggli, eitt af fáum fyrirtækjum á landinu sem er að framkvæma, er að skila sinni þjónustu 100%? Menn ættu að hafa það í huga og stjórnarmenn verða að gæta að því þegar þeir eru að ræða um félagið að það sé félaginu til hagsbóta. Þeir eru valdir af ykkar flokkum, af ykkar fólki, af íbúum á orkuveitusvæðinu, til þess að fara með fyrirtækið og fara vel með fyrirtækið og gæta hagsmuna þess. Ekki í endalausum slag um keisarans skegg um það hvað var hverjum að kenna þegar við vitum það að Orkuveitan hefur verið í gífurlegri uppbyggingu.

Ég vil minna á að það er örstutt síðan að Ísland varð raforkuvætt um allt land. Við búum í dag við eitt fullkomnasta raforkudreifikerfi í heimi. Þetta gerðu Íslendingar á 30 árum með stuðningi stóriðjunnar og menn verða að fara að átta sig á því að lífið er meira en næstu kosningar. Lífið er það að Orkuveitan er sterkt félag með mikla og góða framtíð og ég bið bara eingöngu um það að menn hugsi til þess að samþykkja þetta, þessa skuldbreytingu, sem er búíð að dramatísera til dauðans, og gangi bara til verka eins og sönnu fólki sæmir, sem umbjóðendur borgarinnar og hagi sér sem slíkir. Kosningar koma og kosningar fara en Orkuveitan mun líklegast lifa okkur öll af.

Bstj. 2. mars 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Guðlaugur Sverrisson hefur lokið máli sínu. Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vona svo innilega að óskir og draumar stjórnarformanns Orkuveitunnar Guðlaugs G. Sverrissonar um að Orkuveitan lifi okkur stjórnámálamennina af muni rætast. Ekki veitir af. Því að öll leyndin, pukrið, en samt líka þekkingarleysið og skammsýnin sem einkennir verk stjórnámálanna í umhverfis- og orkumálum eru með þeim hætti að manni verður stundum bara orðavant. Eins og ég sagði hér í ræðu minni hér fyrr í kvöld, það fer enn þann dag í dag um mig kjánahrollur þegar að ég hugsa um hvernig Kárahnjúkavirkjun var afgreidd hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. Áhugaleysið, þekkingarleysið og leyndin og pukrið sem var reynt að við hafa var með þeim eindæmum að það hefði mátt halda að við hefðum verið að taka tímabundna ákvörðun um einhverja gjaldskrá í borginni en ekki ákvörðun sem varðar þetta land minnst kosti næstu 500 árin.

Og þetta er í rauninni jafn dramatískur atburður eins og aftaka Jóns Arasonar í Skálholti var á sínum tíma. Það munu allir muna hverjir stóðu fyrir þessari gjörð. Eins og ég sagði hér og endurtek frá 15. janúar 2003 – skömm þeirra sem stóðu að þessari framkvæmd mun uppi á meðan að land byggist. Svo skammsýn var þessi ákvörðun, svo gráðug var hún, svo spillt var hún og hrikaleg eru umhverfisspjöllin af völdum þessarar framkvæmdar og tapið fyrirsjáanlegt næstu 40 árin, þar sem við erum skuldbundin um orkusölu á gjafverði. Og lánin, við náum ekki einu sinni að borga upp lánin eða gerum mikið meira en það til að hafa nokkurn einasta hagnað af þessum hrikalega verknaði sem Kárahnjúkavirkjun öll var.

Það sem fór samt mest fyrir brjóstið á manni það var þessi leynd og þetta tal um að það mætti ekki segja frá orkuverðinu. Og samt gat maður í umræðu sagt frá því eða til að reyna að koma varnaðarorðum til almennings, að orkuverðið á Kárahnjúkavirkjun á sínum tíma var 1,25 kr. fyrir hverja kílóvattstund, svona 7. til 8. hluti þess sem heimilin í landinu, garðyrkjubændur og íslensk framleiðsla þarf að borga fyrir kílóvattstundina. Gjörsamlega útilokað að svona framkvæmdir geti nokkurn tíma staðið undir sér. Og svo var alltaf þetta tal, þetta er leyndarmál, við eigum að tala um þetta fyrir luktum dyrum, almenningur má ekki vita þetta. En það er almenningur sem borgar brúsann, það eru börnin okkar og barnabörnin og

komandi kynslóðir sem þurfa að gjalda fyrir þessa óendanlegu heimsku og skammsýni, sem framkvæmd orkumála hér á Íslandi hefur verið undanfarin ár. Við höfum haldið áfram í einhverri blindni, allt frá því að hin ágæta framkvæmd við Búrfell sem var náttúrulega brautryðjandaframkvæmd á sínum tíma og var nauðsynlega þá. Það er eins og menn hafi gleymt sér í framhaldinu, að það þyrfti bara að halda áfram á þessari braut í algjöru hugsunarleysi næstu fjóra áratugina. Og það er að hefna sín nú. Og að þurfa að hlusta á það hér að það komi ekki hverjum einasta íslenska þegni við hvað orkuverðið verður varðandi allar framkvæmdir á virkjanasvæði Reykvíkinga á Hellisheiði og víðar eða hvaða lánakjör eru – jafnvel þukur um það. Ég meina, halló – hvað er í gangi hérna?

En auðvitað segi ég eins og ég sagði hér í umræðu um þriggja ára fjárhagsáætlun borgarinnar, við eigum ekki að taka meiri lán til framkvæmda á næstunni, við getum það ekki, við getum ekki borgað þessi lán. Við verðum að minnsta kosti að fara þá í ódýrari og hagkvæmari framkvæmdir sem eru mjög mannaflafrekar og ábatasamar og tengjast þá einkum endurbyggingu gömlu borgarinnar. Eflingu velferðarkerfisins. Eflingu skólakerfisins. Fjölgun ýmissa starfa í þessum geirum, ferðamannaíðnaði, heilbrigðisþjónustu, umönnunarstörfum, kennslu og þannig. En ekki í einhverjum stórframkvæmdum sem skilja oft engin verðmæti eftir sig. Og við eigum eftir að skammast okkar fyrir það á næstu árum, þegar búið verður að opna tónlistar- og ráðstefnuhúsið að þetta verður örugglega mannvirki sem stendur oft meira til tómt og þarf að borga gríðarlegar skuldir og það verður aldrei hægt að fjármagna þá framkvæmd með raunhæfum hætti.

Við vorum öll meðsek að vissu leyti um þetta á sínum tíma. Við vorum öll blinduð af 2007-fylleríinu. Okkur var logið því að Björgólfarnir og vinir Sjálfstæðisflokksins ættu peninga sem þeir áttu ekki. Síðan voru gefnir heilu bankarnir á þeirri forsendu að þeir væru að koma með 40 milljarða kr. með sér inn í þetta land. Þeir áttu ekki neitt nema lygina að vopni og maður bíður eftir því óþolinmóður að þeir auðmenn sem halda Sjálfstæðisflokknum uppi fari sem flestir í fangelsi og það sem allra fyrst og verði þar sem allra lengst.

Ég ætla að koma aftur að því, forseti, að það er ekki boðlegt og það er grafalvarlegt mál að það sé ekki rætt opinskátt um kostnað við þessar virkjanaframkvæmdir uppi á Hellisheiði og að við fáum að vita nákvæmlega um

orkuverðið og öll lánakjör og það sé ekki minnsta leynd og pukur með þetta. Því að það bíður upp á það að fyrirtækið verði skuldsett svo rækilega að fyrirætlanir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, um að koma þessum fyrirtækjum eins og Þjóðarauðnum á sínum tíma meira og minna í hendur einkavina sinna, rætast. Fyrst er að fara nógu illa með fyrirtækin svo að þau standi ekki undir sér, þá er hægt að gefa vinum hrunflokka – Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks þessar þýðingarmiklu auðlindir og þessi orkufyrirtæki, sem að sjálfsögðu eiga um alla framtíð að vera í almannaeign og fyrir því mun ég berjast og hef ætíð barist. Orkulindir og auðlindir þessarar Þjóðar, orkufyrirtæki sem tengjast því, hvað sem líður öllum ESB-reglugjöfum og öðru eiga að vera í eigu almennings um alla framtíð og við verðum að standa mjög hart gegn því að með leynd og pukri sé verið að taka þessa auðlind frá okkur eða skuldsetja okkur eins og ég sagði áðan með þeim hætti að við getum ekki staðið undir því. Þá missum við þetta út úr höndunum.

Þannig að ég vil enn og aftur um leið og ég lýsi því yfir að ég mun greiða atkvæði gegn þessari lántöku sem hér er til umræðu. Enn og aftur minna á það að við verðum að standa dyggan vörð um þessa verðmætu auðlind sem við eigum hérna í kringum höfuðborgina, hitavatnsauðlindina og orkugjafann sem hún er og fara með hana eins og gulldjásn. Þar sem að við erum meðvituð um það að það er hægt með rétttri, skynsamri og hófsamri, þolinmóðri nýtingu að ávaxta þessa auðlind svo rækilega og hugsa svo vel til komandi kynslóða að það er hægt að vera bjartsýnn fyrir hönd þeirrar Þjóðar, sem hefur leikið efnahag sinn svo grátt sem raun ber vitni. Þannig að ég endurtek: ég greiði atkvæði gegn þessum lántökum og hvet borgarfulltrúa alla til að standa gegn því að farið verði út í frekari ævintýramennsku og bráðaframkvæmdir með orkulindina hér í kringum höfuðborgarsvæðið.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Dofri Hermannsson: Já, forseti. Þetta mál er að verða allt hið skrautlegasta og umræðan allavega. Hér ganga diguryrði á víxl og mér finnst það sannast sagna dálítið undarlegt að hér kemur borgarstjóri aftur og aftur upp í pontu og vænir borgarfulltrúa um að vilja vinna Orkuveitu Reykjavíkur tjón. Þessi sami borgarstjóri og hefur áður vænt sömu borgarfulltrúa um að vilja vinna Reykjavíkurborg tjón, af því að þeir hafi svo mikla ást á Orkuveitunni. Og ég veit nú eiginlega ekki ástæðuna fyrir því að borgarstjóri skiptir svona um afstöðu til borgarfulltrúanna og ástar okkar eða haturs á Orkuveitunni. Mér er þetta eiginlega algjörlega óskiljanlegt.

En mér finnst þetta dálítið hart líka af því að ég veit ekki betur, en að við borgarfulltrúar höfum hér í þessari umræðu og á öllu kjörtímabilinu ítrekað varað við því, að það væri verið að fara alltof geyst í fjárfestingum Orkuveitunnar og það væri verið að skuldsetja fyrirtækið of mikið. Og nú erum við, borgarstjóri vænir okkur um það, að vilja skemma fyrir Orkuveitu Reykjavíkur af því að við viljum ekki taka ákvörðun um 5 milljarða kr. lán með bundið fyrir augun. Hverjum er það til hagsbóta að hér fari fram umræða í Borgarstjórn Reykjavíkur og við greiðum hér atkvæði um lánakjör og vaxtakjör á 5 milljarða kr. láni án þess að við vitum um vaxtakjörin. Mér finnst þetta alveg merkileg aðstaða sem ég er hér kominn í, háttvirtur forseti, að hér er mér ætlað að greiða atkvæði um 5 milljarða kr. lán til Orkuveitunnar með bundið fyrir augun.

Ég get ekki fengið að vita vaxtakjörin nema hugsanlega jú, skildist mér á borgarstjóra hér áðan ef ég hef ekki skilið hana vitlaust, að hún væri til í að gera örstutt hlé til þess að ég gæti fengið að kynna mér vaxtakjörin á þessu láni áður en ég greiði síðan atkvæði um það. Og það rann upp fyrir mér þegar að mér bauðst þetta gullna tækifæri til þess að fá að skoða 5 milljarða kr. fjárfestingu áður en ég greiði um hana atkvæði, rann upp fyrir mér að líklega er dýrasta og hæsta upphæðin sem ég hef skuldbundið mig fyrir það er 12,7 milljónir sem ég tók að láni til að kaupa íbúð einu sinni og ég hugsaði mig mjög, mjög lengi um og ég var mjög efins. Marga daga hugsaði ég mig um hvort að ég ætti að gangast undir þessa ábyrgð og síðan seldi ég reyndar íbúðina, af því að ábyrgðin óx mér dálítið í

augum. En nú fæ ég 5 mínútur – nú fæ ég 5 mínútna fundarhlé til þessa að kynna mér í hörgul vaxtakjör á 5 milljarða kr. láni til Orkuveitu Reykjavíkur. Vaxtakjör sem að greinilega eru ekki nógu góð til þess að það megi ræða um opinberlega og manni finnst þetta dálítið merkilegt að hér skulum við standa í þessum sporum og sérstaklega er það nú merkilegt þegar að maður hugsar til fjósbitapólitíkurinnar sem er stunduð hér hinu megin við Vonarstrætið, þar sem að fylgismenn sömu flokka og hér krefjast þess að afgreidd séu mál í algjörri leynd og af borgarfulltrúum sem eru óupplýstir um málið, en hinumegin við Vonarstrætið þá eru „potentar“ sömu flokka volandi um það daginn út og daginn inn að það sé leynd á öllum hlutum, og þar er verið að tala um milliríkjasamninga.

Það verður að upplýsa um hvern aukastaf í vaxtakerfum þar, en hér má ekki upplýsa einu sinni borgarfulltrúana, sem eiga að taka ákvörðun um það hvort að lánasamningurinn skuli samþykktur eða ekki, það má ekki einu sinni upplýsa þá almennilega um málið. Mér finnst þetta í hæsta máta óeðlilegt og ég fer ekki fram á annað forseti, en að hér fari fram upplýst og eðlileg umræða um þetta mál. Hver vaxtakjörin eru. Hvaða afleiðingar það hefur fyrir Orkuveituna. Hvernig vaxtagreiðslum verður háttað. Hvernig afborgunum af láninu verður háttað og hvort að það yfirhöfuð er plan sem að gengur upp. Mér finnst það allavega mjög óþægilegt sem sitjandi borgarfulltrúi hér að eiga að taka ákvörðun um 5 milljarða kr. lán til Orkuveitunnar, án þess að vita nokkurn skapaðan hlut um það.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér hefur ýmislegt verið sagt og við komumst ekki framhjá því vandamáli sem borgarfulltrúi Dofri Hermannsson var að lýsa hér ágætlega. Og raunar þá held ég að það hljóti að verða að horfa á skyldur okkar sem sitjum í þessum sal út frá skyldum sveitarstjórnarmanna, eins og þær eru skilgreindar í sveitarstjórnarlögum og skyldur okkar gagnvart stjórnsýslulögum. Það er að segja ekki bara skylda til þess að vera viðstaddur og taka ákvarðanir heldur gera það eftir að hafa rannsakað mál fyllilega eftir að hafa gengið úr skugga um það að við séum að gæta hagsmuna okkar umbjóðenda.

Og vegna orða borgarstjóra hér rétt í þessu, þar sem af býsna ríku sjálfstrausti og nokkrum þóttu, að borgarstjórn var tilkynnt að það hefði nú bara aldrei gerst, það hefði aldrei gerst að þau lán sem að borgarstjórn þyrfti að staðfesta fyrir Orkuveitu Reykjavíkur að kjör þeirra hefðu ekki verið trúnaðarmál. Að þá held ég að það sé nú hollt fyrir borgarstjóra að vera í salnum þegar að fréttatilkynning um síðasta lánið sem kom til kasta borgarstjórnar og hefst með þessum orðum, með leyfi forseta: „Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti í dag lánasamning við Evrópska fjárfestingabankann að upphæð 170 milljóna evra með 9,8 punkta (0,098% álagi á libor-millibankavexti í evrum). Lánið er til 20 ára. Kjörin eru með þeim hagstæðustu sem íslenskum fyrirtækjum hafa boðist.“ Tilvitnun lýkur.

[Frammícall] Nei, þetta er fréttatilkynning og hér voru haldnar ódauðlegar ræður í þessum sal, þar sem að þessum kjörum var lýst og mikilvægi þeirra og það var einmitt þess vegna að ég fullyrti ekki neitt um það hvernig þetta hefði verið, heldur óskaði eftir því að hér væri lögð fram fordæmi fyrir því að það væri svona ríkur trúnaður á þessum upplýsingum. Mín skoðun er nefnilega sú og ég get tekið undir ýmislegt sem að hér kom fram í ræðu stjórnarformanns Orkuveitunnar um að við stöndum að mörgu leyti á krossgötum eftir hrun og úrlausnarefnin eru að ýmsu leyti flóknari. Ég get ekki tekið undir það, þrátt fyrir langan og góðan lista yfir skuldbindingar, sem að Orkuveitan tókst á hendur á R-lista tímabilinu að meira en 55 milljarðar af þeim skuldbindingum uppreiknað með verðlagi sem Orkuveitan skuldar sé að rekja til þess tíma. Vegna þess að í árslok 2005 voru

skuldir Orkuveitunnar 55 milljarðar og eigið fé, ef ég man rétt, voru einhver 59 eða 63%. Sem sagt vel statt fyrirtæki með mikið eigið fé. En þó er það þannig að framkvæmdaáætlanirnar voru svo brattar að mig minnir að fyrsta þriggja ára áætlunin sem hér var lögð fram í upphafi kjörtímabils hafi gert ráð fyrir skuldsetningu á annað hundrað milljónir.

Þannig að áhyggjurnar komu fram strax þá hjá borgarfulltrúa Sigrúnu Elsu Smáradóttur, sem þá var inni í stjórn Orkuveitunnar, vegna þess að hluta af þessu mikla framkvæmdaálagi á fyrirtækið var fyrirséð. Og ég held, að auk þess og mér dettur ekki í hug að gera lítið úr því, að krónan er auðvitað gríðarlegt vandamál fyrir fyrirtæki sem eru með tekjur í öðrum myntum. En fyrir utan það að þá var gengið býsna bratt fram. Það var gengið býsna bratt fram í trausti þess að að eilífu fengjust ekki bara hagstæð lán heldur væri hægt að endurfjármagna þau á hagstæðan hátt. Væri hægt að endurfjármagna þau á hagstæðan hátt. Núna erum við sem sagt á þessum krossgötum og þá vakna einfaldlega fjölmargar spurningar sem við verðum að ræða og varða þessa lántöku meðal annars, þ.e.a.s. eru þessi kjör þannig að það fer að vera áleitin spurning hvort að Reykjavíkurborg sem sveitarfélag eigi að vera lántakandinn.

Ekki bara fyrir sína hönd heldur líka fyrir hönd þeirra fyrirtækja sem að Reykjavíkurborg á stóran hlut í og fyrir þær framkvæmdir sem að þau ætla að ráðast í. Raunar svipað og ýmsar höfuðborgir Norðurlanda, eins og við þekkjum frá Stokkhólmi, hafa komið málum fyrir, þar sem að Stokkhólmsborg í raun endurlánar sínum fyrirtækjum og tekur það ýmist með lánunum, með skuldabréfum út á markaði, með beinum lántökum eða notar í raun sína sjóðsöfnun, eigin sjóðsöfnun, handbært fé frá rekstri til þess að lán til þessara fyrirtækja. Þetta er lykilspurning. Erum við komin að þessum tímamótum? Hvernig metum við það? Jú, með því að bera saman þau kjör sem að Orkuveitunni sem fyrirtæki bjóðast ein og sér í samanburði við þau kjör sem að Reykjavíkurborg sem sveitarfélögum bjóðast.

Og þess vegna var það fullkomlega málefnaleg spurning hjá borgarfulltrúa Sigrúnu Elsu Smáradóttur hér í upphafi fundarins og ég hef ekki heyrt að hún hafi fengið svör við þeirri spurningu: Hvernig eru þessi kjör í samanburði við þau sem Reykjavíkurborg buðust fyrir jól og borgin raunar hafnaði? Í öðru lagi hvernig eru

Þessi kjör miðað við aðra lánsfjármögnun sem að Orkuveita Reykjavíkur gæti farið í eða öllu heldur aðra fjármögnun, t.d. með sölu skuldabréfa sem tengjast Magma Energy. Þetta eru lykilspurningarnar og þeim þarf að svara. En það er mjög erfitt að gera það ef að hér þarf í ræðum að tipla í kringum þessi kjör. Þessi kjör sem leiða okkur í raun að þessum krossgötum, eins og mjög margt annað í rekstri og rekstrarumhverfi Orkuveitunnar. Og auðvitað er það rétt hjá stjórnarformanni Orkuveitunnar að það hefur tekið alltof langan tíma að ljúka IceSave-málinu. Alltof langan tíma og í raun bara merkilegt að maður úr hans flokki skuli kalla eftir skjótum endalokum þess. Ég vil bara óska honum sérstaklega til hamingju með það.

En það er sem sagt ekki rétt að hér hafi aldrei verið rædd lánakjör Orkuveitu Reykjavíkur. Þvert á móti hafa þau verið þannig í gegnum árin, að líklega er það miklu oftár en í þetta eina skipti haustið 2008, sem að menn ræddu þau af nokkru stolti. Þó svo að það sé nú einsdæmi að lánakjörin hafi verið sett í efstu setninguna í fréttatilkynningu fyrirtækisins, eins og í dæmi Evrópska fjárfestingabankans. En þegar að maður horfir fram á endurfjármögnun fyrirtækisins á næstu árum og þau gríðarlega erfiðu verkefni sem þar bíða, að þá er ekki tilviljun að manni er einmitt hugsað til Evrópskra fjárfestingabankans og Evrópska þróunarsjóðsins, þeirra fjármálastofnana Evrópu sem hafa staðið við bakið á sveitarfélögum, orkufyrirtækjum og öðrum sem eru að fjárfesta í grænni orku og grænum iðnaði.

Og ég held raunar að ef við erum að ræða leiðir til lausna til langs tíma að þá hljótum við að horfa nokkuð vongóð til aðildarumsóknarferilsins þar sem að við þekkjum fjölmörg dæmi bæði frá Króatíu og mörgum öðrum löndum að tekist hefur gott og náið samband við þessar stóru fjármálastofnanir Evrópusambandsins, sem hafa á meðan að löndin eru í aðildarumsóknarferlinu og hafa formlega stöðu aðildarumsóknarríkis fengist til þess að lána til lykilinnviða en líka og þar með talið fjárfestinga í orkuiðnaðinum, sem eru talin hjálpa viðkomandi aðildarumsóknarríkjum í góðri efnahagslegri uppbyggingu sinni.

En því er ég nú kannski að nefna þessa hluti sem horfa til framtíðar vegna þess að mér er að mörgu leyti gert ómögulegt að ræða nákvæmlega það erindi sem hér liggur fyrir, efni þess og samanburð við aðra valkosti. Og auðvitað get ég tekið undir það að það er auðvitað fráleitt að Orkuveitan geti til einhvers lengri tíma

fjármagnað sig á yfirdráttarlánnum, eins og hún hefur í raun verið að gera frá hruni og allir sýndu skilning á þeim sérstöku aðstæðum sem þá voru, en um leið að þá verður maður að gera kröfu til þess í þessum sal, að allir sem að málinu þurfa að koma og bera skyldur samkvæmt sveitarstjórnarlögum og stjórnsýslulögum, að taka afstöðu til þessara hluta fái ekki bara þær upplýsingar, heldur fái aðstæður til þess að geta rætt þetta mál út frá þeim öðrum kostum sem hugsanlega eru.

Og við fulltrúar Samfylkingarinnar og einkum auðvitað fyrir hönd þeirra sem að ekki hafa fengið þessar upplýsingar eða næði eða tóm til þess að yfirvega kjörin miðað við aðra kosti áskiljum okkur allan rétt gagnvart þeirri atkvæðagreiðslu sem hér á hugsanlega að fara fram á eftir.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Bara vegna þess sem borgarfulltrúinn nefndi, þá ítreka ég það sem ég sagði áðan; ég held að það væri ágætt fyrir borgarfulltrúann að fara rétt með. Vegna þess að það sem ég sagði og hann kemur hér með fréttatilkynningu, sem hann les upp, frá Orkuveitu Reykjavíkur og vitnar í það að menn hafi getið vaxtakjara og lánskjara. Ég sagði, vegna þess að ég í framhaldi af óskum borgarfulltrúans leitaði ég mér upplýsinga hjá Orkuveitu Reykjavíkur um hvernig hlutirnir hefðu verið í gegnum tíðina, af því að borgarfulltrúinn hélt því jú fram að hann teldi að það væri næsta einsdæmi að þetta kæmi ekki fram í gögnum.

Þannig að ég leitaði upplýsinga í Orkuveitu Reykjavíkur um hvernig það hefði verið í gegnum tíðina, sagði það með öllum þeim fyrirvörum og upplýsti það meira að segja hér fyrir fundinum að ég hefði fengið þessar upplýsingar í síma hér á milli umræðna eða á milli þess sem að menn voru að tala, og mér var sagt það að þær upplýsingar um lánakjör hefðu aldrei verið sendar borgarstjórn formlega í bréfi, aldrei. Og það var það sem ég sagði. Og við ræddum það sérstaklega að það hefðu verið aðrar umræður um það varðandi þetta lán sem borgarfulltrúinn nefndi vegna þess að þá var það þannig, að bankinn sá engin torkerki á því að upplýsa um þau kjör. Og ég tek undir það hins vegar með borgarfulltrúanum og það er eitthvað sem menn verða að ræða.

Til dæmis er það þannig í 6. gr. siðareglanna alveg skýrt og þetta samþykktum við hér og skrifuðum undir, að okkur ber að virða trúnað um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um og trúnaður skal vera um. Og þessi trúnaður hefur ríkt í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur um þetta. Nú telji menn að breyta skuli þessari hefð og sá trúnaður skuli ekki lengur ríkja, þá er það umræða sem ég er algjörlega reiðubúin til að taka og þá ríkja bara aðrar reglur um þessi gögn. En þetta er alveg skýrt í okkar reglum að okkur ber að virða þann trúnað, meira að segja gengur það svo langt að trúnaðurinn helst eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum. Þannig að okkur ber að virða þann trúnað. Það er ekkert í boði fyrir okkur annað en að fullnusta það. En síðan er alveg umræða og ekkert óeðlileg umræða í ljósi alls sem við höfum

gengið í gegnum og kannski bara í ljósi breyttra aðstæðna með einhverjum hætti að aflétta slíkum trúnaði. En það þarf þá að gerast á vettvangi Orkuveitu Reykjavíkur og með hagsmuni fyrirtækisins í huga.

Og borgarfulltrúinn Dagur B. Eggertsson, hvorki þegar að hann var hér í meirihluta á sínum tíma né þegar að hann var hér sem borgarstjóri lagði nokkurn tíma til slíkar breytingar eða upplýsti um slík kjör. Þannig fyrir þessu stöndum við og þeim reglum sem að við búum við og svo er annað mál hvort að það sé ástæða til þess að breyta því og hvort að Orkuveitan á að aflétta þessari vinnureglu og þessari hefð að um þessi lán gildi trúnaður. En Orkuveitan hefur ekki talið að það væri í samræmi við þeirra viðskiptahagsmuni og vísar þar til annarra fyrirtækja á sama markaði og þannig eru reglurnar. Og það er það sem að við höfum undirritað og þess vegna getum við auðvitað ekki vikið frá því nema að um það sé tekin ákveðin og skýr afstaða.

Svo vegna þess að borgarfulltrúinn nefnir það svo oft og talar um það að það sé erfitt og aðrir hafa gert það líka, það er búið að bjóða öllum þeim sem hér sitja að sjá þessi lánskjör, öllum, það liggur alveg fyrir. Það er hægt að dreifa þessum gögnum bara og Dofri Hermannsson getur fengið þetta bara og sest hér niður og séð þetta nákvæmlega, þetta eru ca þrjár setningar, hann þarf ekki langan tíma til að glöggva sig á því. Það er alveg í boði og bara stendur öllum opið að fá allar þær upplýsingar sem þeir kjósa. Fjármálastjórinn situr hér og menn geta sest niður með honum og farið yfir það. Og það er svo undarlegt og þess vegna snýst þetta um pólitík, vegna þess að þetta eru sömu fulltrúarnir og svo talar Dagur B. Eggertsson um að þetta sé nýtt lán. Þetta er ekki nýtt lán, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, þetta er breyting á láni sem fyrir var og er í bókum Orkuveitu Reykjavíkur.

Þannig að það er þess vegna að við leyfum okkur hér að segja og ég ítreka það, að það er svo undarlegt að allt í einu, ég skil það ef menn hafa tekið breytta prinsipp afstöðu eins og Sóley Tómasdóttir lýsti hér áðan, að nú séu menn búnir að breyta í einhverju sinni afstöðu. En það er ekki hægt að halda því fram að sömu fulltrúar stjórnðu hér Orkuveitu Reykjavíkur í tólf ár, báru hér upp aftur og aftur tillögur um lán og báðu okkur um að staðfesta það, aldrei nokkurn tíma upplýstu þeir aðilar um lánakjörin, aldrei nokkurn tímann. Og aldrei hafa þau lagt fram tillögur

Þessir sömu aðilar um breytingar á þessum starfsreglum Orkuveitu Reykjavíkur. Það er alveg hægt og taka þá umræðu um það, það er ekkert mál.

En annað varðandi það að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson ýjar að því aftur og aftur að lánið sé óhagstætt nú þá er það ekki það sem Orkuveita Reykjavíkur telur. Það liggur hér frammi bréf frá fjármálastjóra fyrirtækisins sem að mælir með því að lánið verði tekið. Jú, við hljótum að treysta því að það sé vegna þessa að hún telji að það sé fyrir hagsmuni fyrirtækisins. Aukin heldur liggur hér frammi bréf frá fjármálastjóra Reykjavíkurborgar sem einnig mælir með því að gengið verði til þessara samninga og þetta mál klárað með þessum hætti. Við verðum að ætla að hann gangi erinda Reykjavíkurborgar í þeim efnum og treysta því. Og ég ítreka það, af því að mönnum er tíðrætt um að hér geti menn ekki tekið ákvörðun og afstöðu vegna þess að þeir hafi ekki kjörin. Flestir sem í þessum sal sitja, sitja annað hvort í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eða hafa verið í borgarráði, þeir sem ekki sitja þar, upplýsingarnar eru hér frammi og liggja algjörlega fyrir allra augum þeirra sem vilja kynna sér það, þannig að það er ekki vandamál. En kjósi menn að gera það ekki – geta þeir ekki á sama tíma sagt að þeir fái ekki upplýsingar.

En ég ítreka það að ég er reiðubúin í þá umræðu bara hvenær sem er og legg bara til að menn geri það á vettvangi Orkuveitu Reykjavíkur, hvort að sé ástæða fyrir fyrirtækið til þess að láta af því sem að fyrirtækið segir að séu viðskiptahagsmunir þeirra að upplýst sé ekki um lánakjörin og þá er það umræða sem við getum tekið og hugsanlega komist að einhverri niðurstöðu í því. En menn geta ekki bara borgarfulltrúar þegar að það þjónar þeirra pólitísku hagsmunum allt í einu kúvent í afstöðu sinni og krafist þess [frammícall], borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir, ég er að tala, og krafist þess að nú sé aflétt trúnaði sem menn hafa aldrei áður óskað eftir að sé aflétt, og hafa hér ítrekað samþykkt aftur og aftur lán fyrir Orkuveitu Reykjavíkur eða einhvers konar lánafyrirgreiðslu til fyrirtækisins, það er einungis það sem að við erum að tala um. En ég er líka að áréttta það að bæði stjórnendur fyrirtækisins og fjármálastjóri borgarinnar mæla með þessari breytingu á þessu láni vegna þess að þeir telja það til góðs fyrir þetta fyrirtæki, sem á auðvitað í ákveðnum erfiðleikum og til góðs þá fyrir Reykjavíkurborg líka, vegna þess að við eigum fyrirtækið og ég hlýt að vænta þess að borgarfulltrúar standi með fyrirtækinu og borginni.

Bstj. 2. mars 2010

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er gert mikið úr litlu segir borgarfulltrúi Guðlaugur Sverrisson. Það er gert mikið úr litlu. Þetta litla er 5 milljarða kr. lán til 15 ára. 5 milljarðar samsvara þeirri upphæð sem að við verjum í að reka umhverfis- og samgöngusvið á heilu ári. Þetta er það litla sem við erum að gera mikið úr. Við erum að gera mikið úr því að hér sé verið að afgreiða 5 milljarða kr. lán sem ekki má gera opinbert án þess að málefnalegar ástæður séu að baki, enda hefur ekki verið sýnt fram á að fordæmi um slíkt séu til. Þó svo að borgarstjóri hafi hér fullyrt æ ofaní æ að leynd hafi hvílt yfir kjörum á lánum Orkuveitunnar, að þá hefur hún ekki getað sýnt fram á að það sé rétt.

Ekkert hefur verið tekið fram í stjórn Orkuveitunnar um það að ríkt hafi trúnaður um þessi lánakjör. Það var ekki fyrr en að komið var inn í borgarráð sem farið var að tala um trúnað. Að mínu mati er þessi lántaka lítt hugsaður gjörningur og það virðist sem að aðrir kostir hafi ekki verið skoðaðir til hlítar. Ég hefði viljað sjá samanburð við önnur tilboð sem borgin og Orkuveitan hefur staðið frammi fyrir. Ég mundi vilja sjá hvaða áhrif þessi lántaka hefur á rekstur og starfsemi Orkuveitunnar og ég vil fá að vita hver kjörin eru sem að okkur bjóðast.

Borgarstjóri heldur áfram að fullyrða að við borgarfulltrúar Vinstri grænna höfum samþykkt að trúnaður ríki á þeim gögnum sem að lögð hafa verið fram í Orkuveitu Reykjavíkur, það höfum við ekki gert. Og það að eitthvað standi í siðareglum um að okkur beri að virða trúnað um þau gögn sem að trúnaður ríkir um er satt og rétt, en við höfum fullt leyfi og ber skylda til þess að draga í efa að það sé ástæða fyrir þeim trúnaði sem að settur er á þau skjöl sem að lögð eru fram. Og við höfum fullt leyfi til þess að hafna því að taka á móti samningum eða trúnaðargögnum ef að við teljum að ekki eigi að ríkja trúnaður um þau.

Ég ætla ekki að segja mikið meira um þetta mál. Við munum ekki geta greitt þessari lántöku atkvæði okkar enda teljum við að ekki nægilegar upplýsingar hafi verið lagðar fram um málið hér í dag og tel algjört óráð að meirihlutinn ætli að klára þennan gjörning án þess að frekari upplýsingar og ýtarlegri skoðun liggi fyrir.

Bstj. 2. mars 2010

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég held að það sé nú ljóst eftir þessa umræðu að það sem hér um ræðir er hentistefna af hálfu meirihlutans í Reykjavík að halda lánakjörum leyndum þegar að þau eru slæm en flagga þeim þegar að þau eru góð, eins og glögggt má sjá af þeirri fréttatilkynningu sem að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson vitnaði í og var send út af hálfu Orkuveitunnar, þegar að lán sem metið var hagstætt náðist í hús. En núna tala menn um trúnað. Ég hélt að við værum hér sammála um það að upplýsingar er varða Orkuveitu Reykjavíkur ættu almennt að vera opinberar. Að fyrirtækið ætti almennt að haga sér eins og opinber aðili.

Ég hélt að það hefði verið ein af niðurstöðunum úr REI málinu að þó svo að fyrirtækið starfi á einkaréttarlegu sviði að þá ætti það að leitast við af fremsta megni, nema mjög rík rök væru fyrir öðru sem að það væntanlega þyrfti að sýna fram á sérstaklega, að haga sér eins og opinber aðili og allar upplýsingar þá að vera gagnsæjar og aðgengilegar. Manni finnst nú eiginlega alveg sjálfsagt að ef vera á trúnaður um upplýsingar að þá hljóti það eiga að vera einhver regla á því hvaða upplýsingar eiga að vera bundnar trúnaði, ekki bara hvort að það henti eða henti ekki, sé óþægilegt eða líti vel út. Það getur ekki verið ástæða fyrir því af hverju eigi að vera trúnaður á upplýsingum eða ekki eða að þær séu óþægilegar fyrir meirihlutann í Reykjavík.

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir talar hér um að við úr minnihlutanum séum að kúvenda í afstöðu okkar. Við erum ekkert að kúvenda eitt né neitt í afstöðu okkar. Það má segja að meirihlutinn hér í Reykjavík sé að kúvenda í sinni afstöðu þegar að hann annars vegar sendir hér út fréttatilkynningar um vaxtakjör lána og hins vegar neitar að upplýsa um vaxtakjör lána á opinberum vettvangi. Það er kúvending.

Ég held sko að við getum ekki gert lítið úr því hvers vegna við viljum að þetta sé opinbert hérna. Það er núna kannski fyrst sem að er ástæða til að ræða vaxtakjörin, það hefur kannski ekki verið eins rík ástæða eins og núna til þess að ræða þau og það er ástæða, það er ekki bara þetta eða ekki neitt. Það eru fleiri möguleikar í stöðunni. Ég hef nefnt það hér að hugsanlega mætti selja þetta Magma-skuldabréf

og til þess að við getum skoðað það hversu álitlegur sá kostur er að þá þurfum við að geta borið þessa tvo kosti saman. Þá þurfum við að vita hvaða vexti og geta talað um það hvaða vexti þetta lán sem að hér er til umræðu mun bera næstu sjö árin til dæmis, hvaða vexti það mun bera, hvað má búast við að verðbólgan næstu sjö árin hvað hún verði mikil. Og þannig sjáum við hvað þetta lán – hvernig það lítur út eftir sjö ár, þá að viðlögðum afborgunum. Og mér segist svo hugur um bara svona án þess að ég upplýsi neitt um vaxtakjörin bara svona skýtt út í bláinn, að það gæti bara verið býsna nálægt þessu nafnverði sem talað er um á Magma-skuldabréfinu, en það eru 8,5 milljarðar, sem að þessi upphæð gæti verið komin upp í eftir sjö ár á þessu láni.

Og það þýðir það, ágætu borgarfulltrúar, að við gætum selt þetta Magma-skuldabréf og komið út á sléttu fyrir 5 milljarða og jafnvel með örlitlum hagnaði og losað okkur við áhættuna sem því fylgir að þessi rekstur þarna hjá Magma - kannski hugsanlega gangi ekki vel. Miðað við þessa lauslegu útreikningar geta afföllin af þessu skuldabréfi verið 45% miðað við það að taka hugsanlega þessu láni. En þetta er auðvitað bara svona skot út í bláinn vegna þess að ég má svo sem ekki tala um nákvæmlega hvernig þessi hlutir eru vaxnir og það er náttúrulega algjörlega óþolandi að sitja hér og eiga að taka afstöðu til mála án þess að hægt sé að leggja öll spilin á borðið og bera saman þá kosti sem í stöðunni eru.

En það er það náttúrulega sem að við þurfum að gera hér og við þurfum að taka bestu ákvörðun fyrir Orkuveituna og bestu ákvörðun fyrir borgarbúa. Og það getur vel verið að með því að taka einhverjar ákvarðanir eins og til dæmis að selja Magma-skuldabréfið að þá komi það upp úr dúrnum, og það væri náttúrulega óþægilegt fyrir meirihlutann í Reykjavík, að raunvirðið væri eitthvað lægra heldur en nafnvirðið og það yrði að selja það með einhverjum afföllum. En það getur samt sem áður vel verið að þó að það sé óþægilegt pólitískt fyrir meirihlutann að það sé hagkvæmast fyrir fyrirtækið. Vegna þess að þarna verða menn að taka tillit til þess vaxtamunar sem þarna er á milli, annars vegar er þetta 1% vextir á Magma-skuldabréfinu sem eru í dollurum og við getum spáð því hvernig hann muni þróast, hvort að hann muni vera að styrkja sig gagnvart íslenskri krónu næstu sjö árin eða ekki. Og hins vegar þeim vaxtakjörum sem hér um ræðir og þróun á verðbólgu.

Á þessu er töluverður munur og þann mun þurfum við að greiða og þann mun gætum við veitt í afslátt af þessu Magma-bréfi ef við mundum selja það og þá komist hjá því að fara með Orkuveituna í aukna skuldsetningu. En þetta er einhvern veginn ekki hægt að ræða nema einhvern veginn og ég er bara að draga þetta hér fram sem dæmi um hvaða þættir það eru sem við þurfum að skoða og þurfum að geta skoðað, en get samt ekki almennilega gert það vegna þess að ég má ekki tala um raunverulega vexti á þessu láni sem þarna um ræðir. Og það er náttúrulega algjörlega óþolandi. Það er náttúrulega algjörlega óþolandi að það sé ekki hægt. Vegna þess að það var alveg hægt að tala um vextina hérna þegar að menn töldu sig vera að taka við láninu frá Evrópska fjárfestingabankanum 3. október 2008, þá var það sent út í fréttatilkynningu hverjir væru punktarnir, hvert var álagið og hvernig allt væri, þá leit það vel út. En núna má ekkert ræða þetta og það er bara þessum meirihluta hér til skammar.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Dofri Hermannsson: Forseti. Þetta er merkileg umræða sem hér á sér stað. Hér kom hæstvirtur borgarstjóri upp í pontu áðan og sagði að við mættum prísanna okkur sæla og ættum bara að vera ánægð yfir því að við gætum fengið að fara hérna fram á meðan að á fundi stendur og kynnt okkur einhvers staðar á bak við hurð samning upp á milljarða – upp á 5 milljarða kr. Borgarstjóri var kannski frammi þegar ég tók þessa líkingu áðan, en þegar ég einmitt tók 12,7 milljóna kr. íbúðalán fyrir nokkrum árum þá hugsaði ég mig um í marga daga.

Nú vill borgarstjóri að ég fái 5 mínútur til að kynna mér lán upp á 5 milljarða það er svona milljarður á mínútu [frammícall, HBK: ég hef ekki sett þessar reglur, Dofri] og af því að borgarstjóri grípur hér fram í, þótt að hún hafi ítrekað haft orðið hér og kunnað því illa þegar að aðrir grípa fram í, og segir að þetta séu ekki hennar reglur. Þá er merkilegt líka að heyra hana lýsa því áðan að það mætti ekki biðja um að þessum reglum væri aflétt eða trúnaði væri aflétt af því að það hefði ekki verið gert áður. Og borgarstjóri getur kannski upplýst um það hér á eftir hvað þarf að biðja oft um hlutina áður en það má taka slíka beiðni til greina.

Mér finnst þetta býsna há upphæð 5 milljarðar kr., það er há upphæð í hvaða skilningi sem er, það er jafnvel svo há upphæð að það mætti reka kosningarbaráttu Sjálfstæðisflokksins fyrir hana í góðari tíu sinnum. En af því að borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir kom hér upp áðan og hóf það sem að ég mundi vilja kalla upplýsta umræðu um þann hluta málsins sem þó má tala um, þá finnst mér upplýsandi það sem að hún sagði, að það væri hægt að fara aðra leið. Það mætti til dæmis selja þetta skuldabréf sem að Orkuveitan tók sem greiðslu fyrir söluna á hlutabréfum í Magma-Energy, en það má ekki gera það af því að það gæti verið óþægilegt fyrir meirihlutann að selja bréfið og komast að því að söluhagnaðurinn af Magma-Energy var annar og miklu minni heldur en hann vildi láta í veðri vaka.

En það eru þessir kosti, forseti, sem ég að ég mundi gjarnan vilja fá að ræða þegar verið er að taka svona stóra ákvörðun. Ég vil ekki láta bjóða mér upp á það að ég geti fengið einhvers konar fundarhlé eða 5 mínútur til þess að kynna mér málið. Mér finnst það óþægileg tilhugsun að fá einungis mínútu á hvern milljarð til þess að kynna mér mál. Ég vil fá upplýsta umræðu frá því fólki sem þekkir best til.

Hvaða áhrif þetta muni hafa á Orkuveituna, rekstur hennar, efnahagsreikning hennar og ég vildi þá mjög gjarna að það væri tekin umræða um aðra kosti í stöðunni eins og borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir vék að hér áðan, eins og til dæmis þann möguleika að selja þetta skuldabréf sem að Orkuveitan á og tók sem greiðslu fyrir hlut sínum í Magma-Energy.

Og áður en við eyðum öllu kvöldinu hér í að karpa um keisarans skegg, þá mundi ég bara vilja fá það á hreint, hvort að það er ekki þá ef að ekki má aflétta trúnaði á þessum upplýsingum, hvort að borgarstjóri og meirihlutinn vill þá loka fundinum. Af því að ég held að það sé mjög ósanngjarnt gagnvart öllum borgarfulltrúum, ekki bara borgarfulltrúum minnihlutans heldur líka meirihlutans sem að ekki eru upplýstir um málið, að þeir séu settir í það að taka ákvörðun um svo stórt mál án þess að vita málavöxtu. Þannig að áður en við höldum áfram umræðu um þetta fram og til baka og einhvern veginn vöðum reykin hérna, þá væri bara gott ef að það væri hægt að afgreiða það.

Í fyrsta lagi af hverju má ekki biðja um að leynd sé aflétt þó að það hafi ekki verið gert áður? Ég skil ekki alveg röksemdina á bak við það. Ef að það er svo að það má ekki gera þetta af því að það hefur ekki verið beðið um það áður í fyrndinni, hvað ætlar meirihlutinn þá að gera í málinu. Ætlar hann að neyða okkur borgarfulltrúa til þess að taka ákvörðun um 5 milljarða kr. lán á leynivaxtakjörum eftir að hafa kynnt okkur það hér einhvers staðar í 5 mínútur á bak við hurð eða ætlar borgarstjóri að loka fundinum svo að það sé hægt að taka almennilega umræðu um málið. Það væri bara gott að fá þetta á hreint, því að við getum alveg eytt öllu kvöldinu í að karpa hér eitthvað fram og aftur, okkur verður ekkert úr verki með það.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég hélt að við værum búin að taka þessa umræðu en borgarfulltrúi Dofri Hermannsson vill greinilega taka hana aftur. Það sem ég sagði áðan er það að ég hef ekki heimildir til að aflétta trúnaði borgarfulltrúi Dofri Hermannsson, ég hef það ekki. Það stendur í siðareglum borgarstjórnar 6. gr. að okkur beri að virða trúnað um þau gögn sem við erum beðin um að viðhafa trúnað um. Ég get ekki aflétt það. Ég get ekki ákveðið að við megum brjóta siðareglurnar. Þannig að þetta snýst ekkert um það hvort að það hafi aldrei verið beðið um það.

Mér fyndist vænt um að borgarfulltrúinn mundi hlusta því að hann bað um svör. Það hefði verið borgarfulltrúi Dofri Hermannsson eðlilegast að biðja um það inni í stjórn Orkuveitunnar, því að það er stjórn Orkuveitunnar sem sendir borgarstjórn bréf þar sem að farið er fram á þennan trúnað eða þar sem að er ekki getið um þessi kjör. Borgarfulltrúi Samfylkingar til dæmis ef að þetta var svona mikið mál og þetta er ný stefna Samfylkingarinnar því að þið hafið afgreitt mörg, mörg lán á vettvangi, ykkur hefur verið tíðrætt um háu lánin sem hvíla á Orkuveitunni – öll eru þau veitt með þessum hætti.

Það gildir um þau ákveðinn trúnaður og gögnin sem þeim tengjast, en ef að menn hefðu ætlað að óska eftir því að því yrði aflétt þá hefði verið eðlilegast að gera það inni í stjórninni. Stjórnin hefur ákveðið sjálfðæmi um það. Borgarstjóra – ég er bara fulltrúi eins eiganda, það eru önnur sveitarfélög sem standa að fyrirtækinu, mér er ekkert heimilt að segja bara hér og nú – já endilega afléttum trúnaðinum. Það var bara það sem ég var að segja. Ég hef engar heimildir til þess. Og ég held að minnihlutinn í Reykjavík viti það alveg jafnvel og ég, að ég hef engar heimildir til þess að aflétta trúnaðnum. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur það ekki heldur. Stjórnin verður þá að gera það í sameiningu með öðrum eigendum fyrirtækisins og það er þá umræða sem ég sagði hér mörgum sinnum áðan að við getum tekið, en það er ekki umræða um þetta mál einstakt, það er þá umræða um lántöku Orkuveitu Reykjavíkur almennt.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon. Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson er búinn

Bstj. 2. mars 2010

að tala tvisvar og auk þess er borgarfulltrúinn búinn að veita andsvar einu sinni, en forseti heimilar honum að gera stutta athugasemd sem er ein mínúta.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Dofri Hermannsson: Forseti. Af því að borgarstjóra hæstvortum er tíðrætt um siðareglur þá vil ég lesa upp hér 2. gr. – Starfsskyldur kjörinna fulltrúa:

Kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar sem og sannfæringu sinni. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur um góða stjórnslu í störfum sínum þar með talið gagnsæi og upplýsta ákvarðanatöku og framkvæma ekkert það sem til þess er fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Reykjavíkurborgar. Kjörnir fulltrúar móta stefnu og hafa eftirlit með rekstri Reykjavíkurborgar. Kjörnir fulltrúar gæta þess að framkvæmd stjórnslu og rekstrar sé ávallt eins og best verður á kosið. Kjörnir fulltrúar aðhafast ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almanna fé. Kjörnir fulltrúar forðast að aðhafast nokkuð það sem þeim er til vanvirðu eða álitshnekkis og varpað getur rýrð á störf þeirra eða Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar upplýsa Reykjavíkurborg um framkvæmd starfa sinna og atriði sem skipta máli í rekstri borgarinnar eins og kostur er. Þeir eru ávallt reiðubúnir að axla ábyrgð á störfum sínum.

Forseti, ég vildi bara minna á að reglurnar eru lengri heldur en hæstvortur borgarstjóri hefur verið að klifa hér á.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Og þá tekur til máls hæstvortur borgarstjóri.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég er mér alveg jafn meðvituð og Dofri Hermannsson um þennan þátt siðareglana. Hins vegar fjalla þær ekki beint um trúnað. Er þá borgarfulltrúinn að segja það eftir þennan lestur að allt það sem að inni í stjórnnum fyrirtækja eða fagráðin eða hvar það er, þar sem að óskað er eftir trúnaði að það sé síðan bara eftir duttlungum hvers og eins borgarfulltrúa hvort að sá trúnaður sé virtur. Er það síðan bara einhver ákvörðun sem hver og einn tekur í framhaldinu. Ef maður sem sagt situr í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og það er beðið um trúnað við eitthvað mál, maður hreyfir ekki andmælum, en svo þegar að manni líður öðruvísi með það þá samt segir maður frá því. Þá er tilgangslaust að viðhafa einhvern trúnað. Ég er alveg með Dofra Hermannssyni í því og öðrum borgarfulltrúum að ræða það hvort að það sé ástæða til að viðhafa þennan trúnað, en við getum ekki ákveðið það hér og nú.

Það er tillaga sem Sigrún Elsa Smáradóttir til dæmis eða Þorleifur Gunnlaugsson eða aðrir í stjórn Orkuveitunnar hefðu átt að flytja um þetta mál ef þeir kusu breytingar á því og geta sannarlega gert það. En ég ítreka það sem að ég sagði áðan að sömu aðilar og hér tala svona um það að það sé engin ástæða til að viðhafa þennan trúnað, ég sat hér í mörg ár í minnihluta og samþykkti lánveitingar til Orkuveitu Reykjavíkur án þess að það var upplýst eða lögð fram tillaga um að það væri ástæðulaust. En nú allt í einu þjónar það hagsmunum þessara aðila að láta svo líta út sem þetta séu óhagstæð kjör fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, sem að ég get ekki tekið undir, vegna þess að ég hlít að trúa því sem stjórnendur Orkuveitunnar segja, að þetta sé lán og að þetta séu kjör sem eru til farsældar fyrir Orkuveituna. Þannig að ég skil ekki alveg, ég er mér alveg meðvituð um 2. greinina en hún fjallar ekki beint um trúnað.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson fær að gera stutta athugasemd öðru sinni.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Dofri Hermannsson: Forseti. Það er dálítið ósanngjarnt að forseti sem er hér með ótakmarkaðan ræðutíma skuli eftir að maður hefur klárað sinn ræðutíma koma upp og spyrja spurninga: Hvort að það sé bara undir hælinn lagt hvenær maður beiti siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborgar og hvenær ekki. Auðvitað er það ekki þannig. Og þó að borgarfulltrúinn sem nú er hæstvirtur borgarstjóri hafi einhvern tíma á umliðnum árum tekið óupplýst einhverja ákvörðun um fjárhag Orkuveitu Reykjavíkur þá þýðir það ekki endilega að ég vilji gera það.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd öðru sinni. Nefndi reyndar í ræðu sinni að forseti borgarstjórnar hefði ótakmarkaðan ræðutíma. Forseti borgarstjórnar hefur ekki ótakmarkaðan ræðutíma eins og menn hafa orðið varir við, þannig eru reglurnar um embætti forseta borgarstjórnar. En hingað er kominn borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon og tekur nú til máls. [Frammícall, ÓFM: Og líka fyrrverandi borgarstjóri eins og forseti].

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Ólafur F. Magnússon: En forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég verð því miður að víkja að því að því leiðindaplaggi sem ég neitaði að skrifa undir sem heita siðareglur kjörinna fulltrúa. Þetta eru reglur sem eru ekki pappírsins virði, undirritað af fulltrúum sem hika ekki við að taka á móti stórum fjárframlögum með mikilli leynd frá auðmönnum og hagsmunasamtökum, verktökum og öðrum slíkum, og ég hefði viljað óska þess að jafn vænn maður og borgarfulltrúi Dofri Hermannsson minntist ekki á þetta gegnsæja og hlægilega plagg sem siðareglur kjörinna fulltrúa eru á sama tíma og menn hika ekki við að taka við háum fjárhæðum úr vasa auðmanna, verktaka og hagsmunaaðila. Og við sjáum það að borgarfulltrúar margir hafa ekkert lært í þessum efnum samanber nýlegt prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Það fór ekki fram með þeim hætti að mínu mati að það stæðist þessar svokölluðu siðareglur, sem ég neita að undirrita og hef þessa megnustu skömm á, því að þetta er bara sýndarplagg.

En víkjum nú ekki meira að því innihalds litla plaggi. Við erum að tala hér um miklu, miklu stærra mál. Við erum að tala um orkumálin. Við erum að tala um leyndina í orkumálunum. Við erum að tala um almannahagsmunum. Við erum að tala um framtíð orkumála og raunar spurningu sem varðar það hvort börnin okkar og barnabörnin hafi vatn á ofnunum sínum eða geti farið í Laugarnar hér á komandi áratugum ef við höldum áfram að fjárfesta og framkvæma eins og við höfum verið að gera að undanfögnu á Hellisheiði, þá verða viðvörunarorð Jóhannesar Zoëga fyrrverandi hitaveitustjóra að veruleika. Ef við göngum á þessa auðlind eins og hún sé óendanleg þá tæmist hún að hluta. Hún getur kannski jafnað sig á einhverjum áratugum, en þá verður orðið fryst í öllum hitavatnslögnum borgarinnar fyrir löngu.

Við verðum að gæta okkar. Og frekari lántökur í þessum efnum koma einfaldlega ekki til greina. Og jafngóðir náttúruverndarsinnar og borgarfulltrúi Dofri Hermannsson og borgarfulltrúi Hermann Valsson eru. Ég ætlast til þess að þeir greiði gegn þessari lántöku, hlustaðu á mig Dofri Hermannsson borgarfulltrúi ég geri þá kröfu til þín að þú greiðir atkvæði gegn þessari lántöku sem einlægur náttúruverndarsinni sem ég veit að þú ert og samherji okkar borgarfulltrúa

Hermanns Valssonar um andstöðu um fyrirhugaða hesthúsabyggð á bökkum Elliðaáanna, sem lýtur hins vegar verulegs stuðnings annarra borgarfulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna, eins og dæmin sanna. Þannig að ég óska eftir því hér á eftir að það fari fram nafnakall um þessa lántöku. Ég tel hana það þýðingarmikla og þýðingarmikið að fólk leyfi sér ekki í svona stórmáli að sitja hjá. Það er ódýr lausn og ég vil sérstaklega hvetja Samfylkinguna til að hætta þessum endalausum hjásetum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur heldur taka skýra afstöðu í jafn þýðingarmiklu máli og þetta er, með því að segja einfaldlega nei við þessari lántöku. Og ég endurtek ósk mína forseti – hæstvirtur forseti að ég óska að fari fram nafnakall um þessa lántöku sem ég vísa alfarið á bug að megi eiga sér stað.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur talað tvisvar og auk þess veitt andsvar einu sinni, en forseti heimilar borgarfulltrúa Degi B. Eggertssyni að gera stutta athugasemd. Til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er athyglisvert að hér virðist umræðunni um þetta mál vera að ljúka og þó standa eftir sömu spurningar og settar voru fram í upphafi þessa máls. Það eru lykilspurningar í málinu sem voru afhentar borgarstjóra skriflega og varða efni þess, þ.e.a.s. látum vera ef við setjum út fyrir sviga það að aflétta trúnaði af lánskjörunum sjálfum. En þó fyrst að borgarstjóri er ítrekað að vísa til siðareglna borgarstjórnar, þá verður að minna borgarstjóra á skyldur borgarfulltrúa samkvæmt siðareglunum sem einmitt er að taka upplýsta ákvörðun. Þær skyldur ganga auðvitað mjög langt og lykilspurningar í því sambandi eru: Hvernig eru þau kjör sem í boði eru í samanburði við þau kjör sem borginni hafa boðist í skuldabréfaútboði og borgin hefur hafnað. Þessu hefur ekki verið svarað. Hvernig eru þau kjör sem á þessu láni eru í samanburði við þau kjör sem borginni hafa borist í skuldabréfaútboði og borgin hefur hafnað.

Hér er verið að endurfjármagna lán. Borgarstjóri orðaði það þannig að þetta væri ekki nýtt lán. Auðvitað er þetta nýtt lán, en það er vissulega verið að endurfjármagna lán. Þannig er nú bara mjög oft þegar að verið er að taka lán hjá stórum fyrirtækjum, að það er að hluta eða í heild verið endurfjármagna en lánið er nýtt engu að síður. Og það vekur spurninguna sem er önnur spurningin sem ég ítreka hér og það er verið að greiða upp skammtímalán á óhagsstæðum skammtímakjörum, en hver eru þessi óhagsstæðu skammtímakjör og hvernig lítur samanburðurinn út á þessum óhagsstæðu skammtímakjörum miðað við þau kjör sem bjóðast nú til 15 ára. Í þriðja lagi stendur til að selja Magma skuldabréfið, ef ekki hversvegna ekki? Og í fjórða lagi hafa möguleg áhrif lántökunnar á gjaldskrá og erfiðri skoðun. Og ef svo hver eru áhrifin?

Þetta ættu að vera einfaldar lykilspurningar sem að meirihlutinn hlýtur að hafa farið í gegnum í aðdraganda þessa máls og mér finnst það býsna bratt þó að markaðsaðstæður séu eins og þær eru að treysta sér til þess að fullyrða að kjörin séu góð og bera fyrir því embættismenn, þegar að við sem erum í þessum sal og erum ekki sérfræðingar á fjármálamarkaði en erum með jafn einfaldan hlut og húsnaðislán eigum býsna gott með að bera þessi kjör saman við þau og erum við

þó engir stórlántakaendur í þeim efnum. Hitt er svo annað mál að ég held að það sé ekki með nokkrum hætti, ég held að það sé ekki með nokkrum hætti hægt að áfella borgarfulltrúa sem ekki hafa fengið upplýsingar um þau kjör sem hér liggja undir, sem ég tek fram að ég fékk í borgarráði og Sigrún Elsa Smáradóttir í stjórn Orkuveitunnar, en varaborgarfulltrúar Samfylkingarinnar hafa ekki fengið upplýsingar um þessi kjör og ég held að það sé ekki með nokkrum hætti hægt að halda því fram að þeir séu á einhvern hátt að bregðast skyldum sínum, heldur þvert á móti að undirstrika þær ef þeir ganga úr salnum á meðan á formleg atkvæðagreiðsla fer fram.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Forseti ákvað að heimila lengri ræðutíma fyrir borgarfulltrúann en stutta athugasemd þar sem að í fyrstu ræðu borgarfulltrúans var í raun og veru aðallega verið að tala um fundarsköp er þetta mál varðaði. Næst tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég verð nú að segja það að mér finnst mjög ósanngjarnt hjá borgarfulltrúanum, vegna þess að það er ekki fyrir því nokkur hefð, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, að menn leggi hér fram fyrirspurnir í mörgum liðum, sem var sagt eins og borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir orðaði það; til hægðarauka sett niður á blað og afhent hér. Og svo er kvartað undan því að því sé ekki svarað. Þetta eru spurningar í mörgum liðum er varða þætti, sem er miklu eðlilegra að taka allavega til svara á vettvangi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og hefði átt að bera upp þar.

En þetta eru fyrirspurnir hér í níu liðum og að borgarfulltrúinn vekir einhverja sérstaka athygli á því að sé ekki búið nákvæmlega að svara því. Það er engin hefð fyrir því, borgarfulltrúi, að menn leggi hér fram skriflegar fyrirspurnir og óski næstum eftir skriflegum svörum inn á fundinn. Þannig að ég bara frábið mér slíkrar dómhörku eins og kom fram í máli borgarfulltrúans. Og hér er spurt um, við skulum bara fara yfir þennan blessaða lista, sem síðan er bara hægt að svara formlega og ég hvet menn til þess að nýta þann vettvang sem stjórn Orkuveitu Reykjavíkur er, þar sem að menn hljóta að ræða þessi málefni.

En það er búið að ræða hér margsinnis, það er hér fullt að spurningum er tengjast láninu og kjörum, og það er búið að segja það margsinnis og það er hægt að ítreka það að borgarfulltrúar fá allar þær upplýsingar sem að þeir vilja um lánið og lánakjörin og varaborgarfulltrúar líka og allir þeir sem sitja hér í þessum sal. Og menn geta fengið það hvort sem þeir vilja það, Dofri Hermannsson gerði það að einhverjum orðaleik hér áðan að það ætti að draga hann eitthvað bak við vegg í því samhengi eða inn í eitthvað herbergi. Menn geta bara fengið það á tölvupósti og er auðvitað treyst fyrir því og síðan er spurt um samanburðinn. Svo segja borgarfulltrúarnir að þeir viti ekkert um þetta en samt hljóðar spurning Samfylkingarinnar sem segist ekkert vera að reyna að skaða fyrirtækið; hvernig lítur samanburðurinn út á þessum óhagstæðu kjörum. Á þessum óhagstæðu skammtíma kjörum segir bara Samfylkingin, sem samt segist ekkert upplýsa um málið en samt er búið að fella þessa dóma hér í þessum spurningum sem frá Sigrúnu Elsu komu miðað við þau kjör sem nú bjóðast.

Og auðvitað er það þannig eins og kemur fram, bæði í bréfinu frá fjármálastjóra Orkuveitu Reykjavíkur og fjármálastjóra Reykjavíkurborgar þá ítreka ég það að þar kemur fram að okkar aðilar að þeir telja að þessi breyting á láni sé þess eðlis að það er alls staðar mælt með því að það sé gengið til þeirra samninga. Og við treystum því. Síðan er spurt hér um Magma-skuldabréfið hvers vegna það sé ekki selt og svo framvegis. Það er ekkert mál að svara þessum spurningum og gera það þá á eðlilegum vettvangi og það er hægt að gera það í stjórn Orkuveitunnar, en þeim verður ekki svarað skriflega hér og nú.

Og menn geta ekki ætlast til þess að það sé gert. Og ég hvet líka borgarfulltrúa Samfylkingarinnar ef þetta eru svona stór mál fyrir borgarfulltrúana, eins og þeir hafa borið hér fram í dag, að undirbúa þá málflutning sinn betur. Að óska til dæmis eftir breytingum á dagskrá fundarins, flytja þessi mál inn í stjórn Orkuveitunnar og einhvern vegin bera mál sín fram þannig að það sé ekki núna farið að gera athugasemdir við það að skriflegum fyrirspurnum sé ekki svarað inni á fundinum. Það er bara ekkert í samræmi við fundarsköp borgarstjórnar að vinna þannig.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Stefán Benediktsson.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Stefán Benediktsson: Borgarfulltrúar. Hæstvirtur borgarstjóri minntist á það í máli sínu hérna að það væri hægt að leggja fram þann lánasamning sem raunverulega er verið að fjalla hér um og það væri þá kannski æskilegt þá bara að gera það. Ég kom hér seint á fundinn og hef farið í gegnum þessa umsögn sem að ég ætla nú ekki fara að lesa hér upp. Heldur hérna er það áberandi að í þessari umsögn kemur hvergi fram að hér sé um einhver góð kjör að ræða, alls ekki nema síður sé. Þannig að í umsögninni þannig séð er ekkert sem hvetur mig til þess að greiða atkvæði með þessu hvað þá heldur þegar að ég heyri það á mínum fulltrúa í stjórn Orkuveitunnar að hún dregur í efa að allt hafi verið reynt sem að hugsast getur til þess að ná fram sem hagstæðastri lausn í þessu máli.

Meðal annars upplýsti hún mig um það að tillaga um það að selja Magma-skuldabréfið að henni hefði verið frestað ítrekað frá því 18. september, að mig minnir. Eins og ég segi, ég tel mig hafa mjög litlaburði til þess að taka hér upplýsta ákvörðun, vegna þess að náttúrulega ég kem hér seint á fundinn og hef í raun og veru ekkert annað í höndunum þessa umsögn og síðan orð góðra manna. Nema það að það brá fyrir þarna þessu ljósi þegar að borgarstjóri sagði áðan að hægt væri að leggja fram lánasamninginn til skoðunar. En ég hefði nú eiginlega haldið að það væri kannski langheppilegast eins og þessu máli er fyrir komið núna í þessu augnabliki einfaldlega að taka þá bara dagskrárákvörðun að fresta þessu máli þangað til að það hefur bara verið betur rætt og skoðað.

Forseti: Borgarfulltrúi Stefán Benediktsson hefur lokið máli sínu. Þá er umræðu um þennan dagskrárlið lokið. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir því að fram fari nafnakall um tillöguna [frammícall]. Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson óskar eftir að taka til máls um frestunartillögu.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Dofri Hermannsson: Forseti. Mér finnst þetta mál vera þannig vaxið að það sé ekki hægt annað en að fresta því. Það er ekki hægt að bjóða borgarfulltrúum upp á það að taka hér ákvörðun um 5 milljarða kr. lántöku fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur á vaxtakjörum sem að þeir þekkja ekki og vita ekki hvaða áhrif hefur á hag fyrirtækisins. Það er ekki hægt að bjóða borgarfulltrúum upp á að taka slíka ákvörðun. Það er eðlilegast því og ég legg það til hér með formlega að þessu máli sé frestað og það rætt eðlilega og í hörgul, og það verði síðan afgreitt á næsta fundi.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu og lagt til að þessu máli sem hér er til umfjöllunar verði frestað og hyggst forseti þá bera þá tillögu undir atkvæði. Þeir sem að samþykkja að þessu máli sem hér er til umfjöllunar verði frestað gefi merki. Þeir sem eru á móti. Tillagan er felld með 8 atkvæðum gegn 7.

Þá verður tekin fyrir atkvæðagreiðsla, borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir því að það fari fram nafnakall og hefur forseti ákveðið að verða við þeirri ósk borgarfulltrúans og ég vil biðja skrifara um að koma hingað upp. Þið eigið að gegna ykkar hlutverki hér eins og þið hafið gert með sóma undanfarin misseri.

Það kemur upp talan 12 og það er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir – segir; hún situr hjá. Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir segir já. Borgarfulltrúi Hermann Valsson, borgarfulltrúinn óskar að gera grein fyrir atkvæði sínu.

4. mál Lántaka Orkuveitu Reykjavíkur, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. febrúar

Hermann Valsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég hef nú ekki verið þátttakandi í þessari orrahríð sem að hér hefur gengið yfir. En þar sem að ég hef ekki nokkra einustu vitneskju um þau kjör sem eru í boði, trúnaður míns fulltrúa hefur verið fullkominn og ég veit ekkert um hvað málið snýst, þessi kjör eða neitt annað, þá get ég verið að vinna fyrirtækinu skaða með því að segja já eða nei. Ég tek því þann kostinn að sitja hjá.

Forseti: Borgarfulltrúi Hermann Valsson situr hjá. Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson, borgarfulltrúinn hefur vikið af fundi og það hefur ekki annar borgarfulltrúi tekið sæti hans hér á fundinum. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson situr hjá. Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson segir já. Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir segir já. Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir segir já. Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson segir já. Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon segir já. Borgarfulltrúi Stefán Benediktsson, borgarfulltrúi hefur vikið af fundi, hefur annar verið skráður í hans stað hér á fundinum, svo er ekki. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon segir nei. Borgarfulltrúi Óskar Bergsson segir já. Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir situr hjá. Síðan er það borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segir já. Og hvernig hafa atkvæði þá fallið ritarar, skrifarar. Átta borgarfulltrúar hafa sagt já. Fjórir setið hjá og einn borgarfulltrúi sagt nei og tveir borgarfulltrúar hafa vikið af fundi. Þá er þessari atkvæðagreiðslu lokið.

Og þá er tekið fyrir næsta mál á dagskrá sem er umræða um ferðakostnað kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og fyrirtækjum borgarinnar, það er að beiðni borgarfulltrúa Ólafs F. Magnússonar. Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon. Varðandi það málefni sem við vorum að ljúka við að ræða þá hafa borgarfulltrúar Samfylkingarinnar boðað bókun. Hafa fleiri – borgarfulltrúar B og D áskilja sér rétt til bókunar. Borgarfulltrúar Vinstri grænna ákilja sér rétt til bókunar. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon áskilur sér rétt til bókunar. Nú tekur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

Bókanir (fluttar síðar á fundinum)

Dorfri Hermannsson: Takk fyrir það forseti. Bókunin er svohljóðandi:

Samfylkingin hefur ítrekað lýst áhyggjum af umgengni meirihluta borgarstjórnar um rekstur og hagsmuni Orkuveitu Reykjavíkur. Hefur meðal annars verið kallað eftir sérstöku áhættumati á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Við afgreiðslu á ábyrgð Reykjavíkurborgar á 5 milljarða kr. láni hefur borgarstjóri neitað að aflétta trúnaði um vaxtakjörin sem til umfjöllunar eru. Borgarstjóri hefur ekki treyst sér til að svara skriflegum lykilsurningum sem lagðar voru fram í upphafi umræðunnar, en vísar til þess að þeim verði svarað síðar. Þrátt fyrir að svör við þessum lykilsurningum liggi ekki fyrir er tillaga um frestun felld og ábyrgð á láni Orkuveitu Reykjavíkur tekin til atkvæðagreiðslu. Þar með er staðfest að ákvörðun um lántökuna er tekin af hálfu meirihlutans án þess að nauðsynleg svör liggi fyrir. Enginn samanburður liggur fyrir á kjörum lánsins og þeim kjörum sem Reykjavíkurborg bjóðast eða kynnu að fást fyrir svokallað Magma-skuldabréf, auk þess sem því hefur ekki verið svarað hver séu möguleg áhrif lántökunnar á gjaldskrár almennings. Öðrum fulltrúum en þeim sem sæti eiga í borgarráði og Orkuveitu Reykjavíkur hafa ekki verið kynnt efnisatriði málsins sem lögð hafa verið fram í trúnaði. Á það meðal annars við um tvo fulltrúa Samfylkingarinnar á borgarstjórnarfundinum. Í mótmælaskyni við að þeim var gert alls ókleift að gegna skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnar- og stjórnsýslulögum að ónefndum siðareglum Reykjavíkurborgar viku þeir fulltrúar af fundi á meðan á atkvæðagreiðslu í málinu stóð.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun. Þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir að gera grein fyrir bókun.

Bókanir (fluttar síðar á fundinum)

Ólafur F. Magnússon:

Sem fyrr leggst ég eindregið gegn frekari lántökum vegna framkvæmda á vegum Orkuveitu Reykjavíkur. Nauðsynlegt er að hægja á orkuframkvæmdum á svæði heitavatnsauðlindarinnar í kringum höfuðborgina og huga betur að umhverfisþáttum og hagsmunum framtíðarinnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að gera grein fyrir bókun vegna 4. liðar á dagskránni. Það eiga fleiri aðilar eftir að gera grein fyrir bókun og það verður gert hér síðar á fundinum.

[...]

Bókanir (fluttar síðar á fundinum)

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla að gera grein fyrir bókun meirihlutans vegna lántöku Orkuveitu Reykjavíkur vegna fjármögnunar fyrir árið 2010:

Með staðfestingu Borgarstjórnar Reykjavíkur á breytingu á 5 milljarða kr. skammtímaláni í 15 ára skuldabréfalán lýkur fjármögnun Orkuveitu Reykjavíkur vegna mannaflsfrekra framkvæmda yfirstandandi árs. Breyting á láninu í langtímalán á hagstæðari kjörum hefur ekki áhrif á heildarskuldastöðu Orkuveitu Reykjavíkur, en með því er verið að endurfjármagna framkvæmdir sem þegar hafa átt sér stað og voru fjármagnaðar með lánum á óhagstæðum skammtíma kjörum. Í umsögn fjármálastjóra Reykjavíkurborgar kemur fram að umrædd lántaka er í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og er mælt með að erindi Orkuveitu Reykjavíkur verði samþykkt. Það lýsir ótrúlegri málefnaátækt að fulltrúar minnihlutans skuli við þessa afgreiðslu gera vaxtakjör umrædds láns að aðalatriði, en upplýsingar um vaxtakjörin voru kunngerð bæði í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og borgarráði, auk þess sem öllum borgarfulltrúum stóð til boða að kynna sér kjörin fyrir afgreiðslu málsins í borgarstjórn. Eins og borgarstjórn allri er kunnugt hefur borgarstjóri ekki heimildir til að aflétta trúnaði á vaxtakjörum eins og lagt er til að gert verði. Orkuveita Reykjavíkur starfar á samkeppnismarkaði og trúnaður hefur ríkt á lánakjörum hingað til sé farið fram á það. Með afgreiðslu þessa láns er staðinn vörður um hagsmuni fyrirtækisins og fjármögnun framkvæmda á yfirstandandi árs tryggð á hagstæðari vaxtakjörum.